



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

**Efni:** *Tillaga varðandi endurnýjun og framlengingu samninga við tónlistarskóla í Reykjavík vegna neðri stiga tónlistarnáms og endurnýjun samninga vegna efri stiga tónlistarnáms*

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að framlengdir verði með viðauka samningar við átta tónlistarskóla til eins árs vegna tónlistarnáms á neðri stigum sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarksfjölda nemenda samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla. Samningar við tónlistarskólana renna út 31. júlí 2026 og mun viðauki því ná til tímabilsins 1. ágúst 2026 til 31. júlí 2027.

Undanþága frá reglu Reykjavíkurborgar um lágmarksfjölda nemenda hefur verið veitt til nokkurs tíma en lagt er til að ekki verði veittar frekari undanþágu frá kröfu um 150 nemendur eða ígildi þess fjölda frá og með hausti 2027.

Lagt er til að gerður verði samningur til tveggja ára með gildistíma frá 1. ágúst 2026 til 31. júlí 2028 við þrjá tónlistarskóla:

- Tónlistarskóla FÍH sem með sameiningu við Tónskóla Eddu Borg ehf. uppfyllir lágmarksfjölda nemenda samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla. Nemendastundir hvors skóla fyrir sig verði sameinað í samningi við Tónlistarskóla FÍH sem yfirtekur reksturinn.
- Tónskólann Do Re Mi sem með sameiningu við Píanóskóla Þorsteins Gauta ehf. uppfyllir lágmarksfjölda nemenda samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla. Nemendastundir hvors skóla fyrir sig verði sameinað í samningi við Tónskólann Do Re Mi sem yfirtekur reksturinn.
- Suzukitónlistarskólann í Reykjavík sem fjölgaði nemendaígildum<sup>1</sup> milli ára og uppfyllir nú með 156 nemendaígildum lágmarksfjölda nemenda samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla.

Eins er lagt til að framlengdur verði með viðauka samningur við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar til eins árs frá 1. ágúst 2026 til 31. júlí 2027.

Lagt er til að synjað verði beiðni tónlistarskóla sem óskað hefur eftir fjölgun á keyptum nemendastundum þar sem ekki er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun skóla- og

---

<sup>1</sup> Þegar um ræðir fjölda nemendaígildi er átt við nemendur í 100% námi samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla og tekið er fram í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamning við tónlistarskóla.



frístundasviðs. Sama gildir um beiðni um lengra samningstímabil eins og nánar er lýst í greinargerð með tillögu þessari.

Upplýsingar um samningsaðila og kennslumagn er að finna í **fylgiskjali 1** sem birt eru með fyrirvara um endanlega útreikninga. Lagt er til að sviðsstjóra verði falið að gera samninga um tónlistarnám á neðri stigum í samræmi við endanlega útreikninga og fjárheimildir sviðsins.

Ennfremur er lagt til að heimilt verði að gera samninga við 12 tónlistarskóla í Reykjavík vegna efri stiga tónlistarnáms á grundvelli þeirra upplýsinga sem berast munu frá Jöfnunarsjóði haustið 2026. Samningar renna út þann 31. ágúst 2026 og er því lagt til að gildistími verði 1. september 2026 til 31. ágúst 2027. Hlutverk Reykjavíkurborgar er að miðla framlagi Jöfnunarsjóðs í samræmi við reglur sjóðsins og gera samninga við þá aðila sem falla undir samkomulag um eflingu tónlistarnáms. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði því falið að ganga frá samningum við hlutaðeigandi aðila á grundvelli upplýsinga frá Jöfnunarsjóði þegar þær berast. Samningsaðilar í **fylgiskjali 2** eru birtar með fyrirvara um greiðslur frá Jöfnunarsjóði og byggja á eldri upplýsingum frá Jöfnunarsjóði og taka breytingum í samræmi við ákvarðanir frá sjóðnum. Gerður er fyrirvari um að samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms verði framlengt en það gildir til 31. desember 2026.

Í öllum tilvikum er gerður fyrirvari um að tónlistarskólarnir uppfylli skilyrði reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og samningsbundnar skyldur þeirra samkvæmt núgildandi samningum.

## **Greinargerð:**


### **I**

#### **Yfirlit yfir meðferð málsins**

Á fundi borgarráðs þann 26. júní 2025 var samþykkt að gera þriggja ára samning við fjóra tónlistarskóla sem uppfylltu skilyrði reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar um lágmarksfjölda nemenda vegna tónlistarnáms á neðri stigum. Jafnframt var samþykkt að framlengja með viðauka þjónustusamninga við þrettán tónlistarskóla til eins árs vegna neðri stiga tónlistarnáms og að gerður yrði samningur til eins árs vegna efri stiga til 31. ágúst 2026. Á fundi borgarráðs þann 6. nóvember 2025 var gerð breyting á fyrri samþykkt um að í stað þriggja ára samnings við Tónskóla Sigursveins yrði samningur við tónskólann framlengdur með viðauka til eins árs.

#### **Um samninga vegna neðri stiga**

Reykjavíkurborg er með þjónustusamninga við sautján tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms. Ekki er greitt fjárframlag í þágu kennslu nemenda eldri en 18 ára vegna fornáms, grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og ekki í þágu kennslu nemenda eldri en 26 ára í fornámi og grunnnámi í söng.



Haustið 2025 voru gerðir samningar til þriggja ára við þrjá tónlistarskóla sem uppfylltu ákvæði 9.1 reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla um lágmarksfjölda nemenda; Tónskólann í Reykjavík, Tónlistarskóla Árbæjar og Tónmenntaskóla Reykjavíkur. Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar sem uppfyllir ákvæði þjónustusamninganna hafnaði þriggja ára samningi en lagði inn beiðni um breytingu á lágmarki kennslumagns í samningnum. Beiðninni um breytingu á lágmarki kennslumagns var synjað á fundi borgarráðs þann 6. nóvember 2025 en samþykkt að framlengja með viðauka samning við Tónskólann til eins árs.

#### *Krafa um 150 nemendur eða ígildi þess*

Ákvörðun um að gera þriggja ára þjónustusamninga við þrjá tónlistarskóla byggði á því að uppfyllt væri eftirfarandi ákvæði í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla:

#### 9.gr.1

*Tónlistarskóli þarf að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur eða ígildi þess fjölda á grunnstigi, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar.*

Á liðnum árum hefur verið sett ákvæði til bráðabirgða í reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla sem veitir undanþágu frá framangreindu en fyrir hefur legið að til standi, í samræmi við stefnu borgarinnar um stærri grunneiningar í tónlistarnámi, að fella slíka undanþágu úr gildi samhliða nýjum langtímasamningum.

Þann 12. janúar 2021 samþykkti skóla- og frístundaráð stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030. Stefnan var lögð fyrir borgarstjórn til umræðu 1. júní 2021.

Annað af fjórum meginmarkmiðum stefnunnar hljóðar svo:


#### *Góð nýting fjármagns*

*Reykjavíkurborg tryggir að það fjármagn sem varið er til tónlistarkennslu nýtist borgarbúum sem best og að nýtingin samræmist stefnu borgarinnar. Reykjavíkurborg vinnur markvisst að því að skapa aðstæður til að halda niðri þeim kostnaði sem leggst á foreldra vegna tónlistarnáms barna þeirra.*

Þriðja áhersla stefnunnar varðandi tónlistarskóla hljóðar eftirfarandi:

*Reykjavíkurborg semji við tónlistarskóla sem hafa burði til að uppfylla kröfur um faglegt starf, hagkvæman rekstur og fjölbreytt námsframboð þar sem stjórnunarkostnaður er innan hóflegra marka. Tónlistarskólar geti í krafti stærðar sinnar haldið námsgjöldum nemenda í lágmarki.*

Með gerð þriggja ára samninga við tónlistarskóla sem uppfylla skilyrði um lágmarks nemendafjölda var stefnu borgarinnar í framtíðarskipan tónlistarnáms til 2030 fylgt eftir sem og skilyrðum í reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla. Þriggja ára samningar gera



jafnframt þessum þremur tónlistarskólunum kleift að skipuleggja starf sitt til lengri tíma varðandi áætlanir, þróun náms um leið og næst fram rekstrarhagkvæmni tónlistarskólanna.

Gerður var viðauki til eins árs við þrettán tónlistarskóla, sem ekki uppfylltu ofangreind skilyrði um fjölda nemenda, og þeim gefinn kostur á að leita leiða til að uppfylla skilyrði um fjölda nemenda.

#### *Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar*

Forsvarsmenn Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar höfðu þriggja ára samningi vorið 2025 eins og frá hefur verið greint þrátt fyrir að uppfylla skilyrði um lágmarksfjölda nemendaígilda samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar.

Með tölvubréfi þann 11. júní 2026 sækir Tónskólinn um 1153 nemendastundir í grunnám eða því sem nemur 1,6 stöðugildi á grundvelli 10. gr. í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla með hliðsjón af gr. 7.1.4 þar sem nýta eigi kennslumagnið til að auka þátttöku nemenda í efra Breiðholti í tónlistarnámi með breyttu kennslufyrirkomulagi og gefa þannig fleiri nemendum kost á tónlistarnámi.

Samkvæmt 10. gr. reglna um þjónustusamning Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla getur skóla- og frístundaráð Reykjavíkur samkvæmt nánari reglum tekið ákvörðun um og lagt til við borgarráð að keypt verði viðbótarþjónusta af ákveðnum tónlistarskólum.

Ekki er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs að fjölga keyptum nemendastundum og er því lagt til að umsókn Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar um aukinn fjölda keyptrar nemendastunda verði hafnað.

#### *Sameining Tónlistarskóla FÍH og Tónskóla Eddu Borg ehf*

Forsvarsmenn Tónlistarskóla FÍH tilkynntu skóla- og frístundasviði með tölvubréfi dags. 27. maí sl. um sameiningu Tónlistarskóla FÍH og Tónskóla Eddu Borg ehf. með kaupum Tónlistarskóla FÍH á rekstri Tónskóla Eddu Borg ehf. Með sameiningunni sjá forsvarsmenn tónlistarskólanna fram á að verða einn öflugasti tónlistarskólinn á landinu þegar rytmísk tónlist er annars vegar. Í samningi hlutaðeigandi aðila vegna kaupa Tónlistarskóla F.Í.H á rekstri Tónskóla Eddu Borg ehf, dags. 28. maí 2026, eru forsendur kaupanna að fyrir liggja staðfesting um að Tónlistarskóli FÍH taki við öllum réttindum Tónskóla Eddu Borgar ehf. vegna nemenda, gagnvart opinberum aðilum. Er lagt til að nemendastundir sem áður voru keyptar af Tónskóla Eddu Borg ehf. bætist við keyptar nemendastundir Tónlistarskóla FÍH í samningi. Með því móti uppfyllir Tónlistarskóli FÍH lágmarksfjölda nemendaígilda samkvæmt reglum borgarinnar um þjónustusamninga við tónlistarskóla. Eins er lagt til að gerður verði samningur til tveggja ára til að gæta samræmis við gildistíma þeirra þriggja tónlistarskóla sem fengu þriggja ára samninginn á síðasta ári.

#### *Sameining Tónskóla Do Re Mi og Píanóskóla Þorsteins Gauta ehf.*



Forsvarsmenn Tónskólans Do Re Mi og Píanóskóla Þorsteins Gauta ehf. tilkynntu skóla- og frístundasviði með bréfi dags. 10. júní sl. að þeir hafi ákveðið að sameina skólana til að koma til móts við reglur Reykjavíkurborgar um lágmarksfjölda nemenda sem og að með sameiningu skólanna telji þeir ná fram mikilli hagræðingu og betri nýtingu fjármuna. Hafi þeir ákveðið að Píanóskóli Þorsteins Gauta ehf. renni saman við Tónskólann Do Re Mi undir nafni Tónskólans Do Re Mi. Samkomulag hlutaðeigandi aðila er háð því að nemendastundir sem áður voru keyptar af Píanóskóla Þorsteins Gauta ehf. færast yfir til Tónskólans Do Re Mi í samningi. Er lagt til að nemendastundir sem áður voru keyptar af Píanóskóla Þorsteins Gauta ehf. bætist við keyptar nemendastundir Tónskólans Do Re Mi í samningi. Með því móti uppfyllir Tónskólinn Do Re Mi lágmarksfjölda nemendaígilda samkvæmt reglum borgarinnar um þjónustusamninga við tónlistarskóla. Eins er lagt til að gerður verði samningur til tveggja ára til að gæta samræmis við gildistíma þeirra þriggja tónlistarskóla sem fengu þriggja ára samninginn á síðasta ári.

### *Suzukitónlistarskólinn*

Suzukitónlistarskólinn fjölgaði nemendaígildum um 12 milli ára og hafa þannig uppfyllt lágmarksfjölda nemendaígilda samkvæmt reglum borgarinnar um þjónustusamninga við tónlistarskóla. Er því lagt til að gerður verði samningur til tveggja ára til að gæta samræmis við gildistíma þeirra þriggja tónlistarskóla sem fengu þriggja ára samninginn á síðasta ári.

### *Samtök Tónlistarskóla í Reykjavík*

Með tölvubréfi dags. 9. mars sl. óskuðu Samtök Tónlistarskóla í Reykjavík (STÍR) eftir viðræðum um þjónustusamningana sem Reykjavík gerir við tónlistarskóla í Reykjavík.

Í tölvubréfinu kom fram:

Samtök tónlistarskóla í Reykjavík hafa tekið til skoðunar að ganga til liðs við Sjálfstætt starfandi skóla, SVÞ og SA með það að markmiði að ná fram heildrænni endurskoðun á þjónustusamningum tónlistarskóla. Slík vinna tekur tíma og því vill STÍR hefja vegferðina með því óska eftir viðræðum um ákveðna þætti þjónustusamninga og láta á reyna að fá inn nokkrar breytingar fyrir undirritun skólaárs 2026-2027.

- Að fyrirmynd þjónustusamninga sem Reykjavíkurborg gerir við sjálfstætt starfandi leikskóla, óskar STÍR eftir því að tónlistarskólar fái einnig sérframlag frá borginni til að mæta kostnaði við endurskoðun ársreikninga og tryggingar.
- Að fyrirmynd þjónustusamninga sem Reykjavíkurborg gerir við sjálfstætt starfandi leikskóla, óskar STÍR eftir því að tónlistarskólar fái einnig sérframlag frá borginni til að mæta kostnaði vegna afleysinga í skammtímaveikindum starfsmanna.
- STÍR óskar jafnframt eftir því að gengið sé frá þjónustusamningum við tónlistarskóla í maí á ári hverju svo hægt sé að innrita í samræmi við fjárframlög.

Tveir viðræðufundir hafa átt sér stað annars vegar 24. mars 2026 og hins vegar 27. apríl 2026. Fyrir seinni fundinn lagði skóla- og frístundasvið fram eftirfarandi umræðupunkta sem leiðir til að fjölga kennslustundum með betri nýtingu þess fjármagns sem nú er varið til tónlistarkennslu:



Hugmyndin er að tónlistarskólar nýti fjármagnið betur með eftirfarandi hætti.

1. Skólar sameinist um rekstrarfélag sem semur við borgina.
  - a. Einn stjórnandi kemur fram fyrir hönd skólans (rekstrarfélagsins)
  - b. Samnýting hljóðfæra
  - c. Hagræði í húsnæðiskostnaði
2. Skólar sameinist að fullu
  - a. Færri en stærri skólar eru hagkvæmari rekstrareiningar
  - b. Hlutfallslega minna stjórnunarhlutfall
  - c. Betri nýting á föstum kostnaði og hlutfallslega lægri breytilegur kostnaður

Markmiðið er að núverandi rekstrarframlag borgarinnar nýtist til að kenna fleiri nemendum

Eru umræðupunktur skóla- og frístundasviðs í samræmi við samþykktu stefnu borgarinnar sem greint er frá hér að ofan.

#### *Upplýsingagjöf til tónlistarskóla*

Þann 4. maí 2026 var tónlistarskólum með þjónustusamning við Reykjavíkurborg sem ekki uppfylla skilyrði reglna um lágmarksfjölda nemenda sent bréf þar sem tilkynnt var um áform skóla- og frístundasviðs að leggja til við skóla- og frístundaráð að samningar við þá verði endurnýjaðir með viðauka til eins árs, frá 1. ágúst 2026 – 31. júlí 2027.


Jafnframt yrði lagt til að ekki verði veittar frekari undanþágur frá kröfu um 150 nemenda eða ígildi þess fjölda frá og með hausti 2027 og þannig sé um að ræða síðasta skólaárið sem umrædd undanþága verði veitt.

Með því móti verði þeim gefinn kostur á að leita leiða til uppfylla skilyrði um fjölda nemenda þannig að þeir uppfylli skilyrðið í reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla. Tónlistarskólunum var gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

#### *Athugasemdir sem bárust frá tónlistarskólum*

Með tölvubréfi dags. 7. maí 2026 krefst Tónlistarfélagið Strengur ehf – Tónskóli Hörpunnar þriggja ára samnings á þeim forsendum að á haustönn 2026 verða 162 nemendur skráðir í grunn- og miðnám í tónlistarskólanum. Tónlistarskólinn nýti styrkina vel með samkennslu nemenda á grunnstigi og þannig nýtist fjármagnið sem best í þágu allra.

Jafnframt gagnrýnir tónlistarskólinn að umræðan um stjórnunarkostnað taki ekki tillit til ósýnlegs vinnuframlags rekstraraðila og stjórnenda. Dregið er í efa að sameining rekstrareininga skili raunverulegum sparnaði þar sem hagræðing gæti leitt af sé falinn kostnað og aukna þörf á stoðþjónustu. Eins telur tónskólinn að miðstýring geti dregið úr dreifingu kennslu og aukið álag á fjölskyldur. Bent er á þá óvissu sem ríkir meðal kennara vegna tímabundinna samninga sem hafi neikvæð áhrif á starfsöryggi og faglegt starf.



Af hálfu skóla- og frístundasviðs er upplýst um að í tónalaunaskjali, þeim gögnum sem skóla- og frístundasvið styðst við varðandi nemendafjölda tónlistarskóla, eru nemendur í ígildi fulls náms á grunnstigi hjá Tónskóla Hörpunnar 91 talsins og því er skilyrði um 150 nemendaígildi ekki uppfyllt.


Með tölvubréfi frá Tónstofu Valgerðar, dags. 8. maí 2026, eru viðraðar áhyggjur þess efnis að starfsemi Tónstofunnar muni leggjast af ef fallið verður frá undanþágu frá 150 nemenda lágmarki þar sem núverandi rekstrarumhverfi geri Tónstofunni ómögulegt að ná þeim fjölda. Bent er á mótsögn í stjórnslu borgarinnar þar sem reglur séu settar en um leið ómögulegt að uppfylla þær. Bent er á að Tónstofan gegni mikilvægu hlutverki fyrir nemendur með fötlun og sérþarfir. Fyrir þau hafi tónlistarnám sérstakt gildi og óraunhæft að gera sömu kröfur til þeirra og annarra nemenda. Samkensla sé útilokuð vegna sérstöðu nemendahópsins og eins hafi Tónstofan ekki möguleika á stuðningi úr jöfnunarsjóði. Takmarki þetta möguleika skólans á að fjölga nemendum. Krafist er þess að borgin aðlagi kröfur sínar eða breyti þjónustusamningi þannig að þær verði raunhæfar að öðrum kosti sé hætta á að gengið sé gegn eigin markmiðum um jöfnuð og aðgengi að tónlistarnámi.

Fyrir liggur að í Tónstofu Valgerðar, hefur allt frá stofnun árið 1986 verið lögð áherslu á að sinna einstaklingum, bæði börnum og fullorðnum sem vegna fötlunar sinnar hafa ekki haft greiðan aðgang að öðrum tónlistarskólum. Framvinda og markmið kennslunnar sem og kennsluaðferðirnar taka mið af forsendum, þörfum og óskum hvers einstaks nemanda. Ekki hefur verið gerður sérstakur samningur eða greitt sérstakt framlag vegna þjónustu skólans við fólk með fötlun. Samtal við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og ríkisvaldið hefur ekki borið árangur. Áfram verður unnið að því að finna leið til að tryggja starfsemi Tónstofunnar en þar til viðunandi útfærsla verður fundin er lagt til að samningur við Tónstofu Valgerðar verði framlengdur óbreyttur. Hvað varðar tónlistarnám fullorðins fólks með staðfesta fötlunargreiningu gilda, vegna skólaársins 2026 til 2027, því ekki aldursviðmið í gr. 2.2 reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

Á fundi forsvarsmanna Domus Vox og sviðsstjóra 12. maí 2026 var sérstaða skólans reifuð sem eini söngskóli borgarinnar sem einblíni á kórastarf og samsöng sem byggir á klassískum grunni. Sinfóníuhljómsveit Íslands óskar m.a. árlega eftir samstarfi við skólann. Tæplega 100 börn stunda nám við Domus Vox og til stendur að bæta við drengjakór í haust. Óska forsvarsmenn Domus Vox eftir því að fá að byggja áfram upp skólann með góðri nýtingu á fjármagni borgarinnar í þágu barna.

Fram kom hjá forsvarsmönnum Allegro suzukitónlistarskólans á fundi með sviðsstjóra 12. maí 2026 að tónlistarskólinn hafi náð góðum árangri með nemendum sínum eftir aðeins 28 ára starf. Lítið brottfall sé í tónlistarskólanum og meðalaldur nemenda sem ljúka grunn- og miðprófi sé lægri en hjá öðrum skólum og eins sé há meðaleinkunn á þeim prófum. Á biðlista séu nú um 70 nemendur. Eins var bent á að nemendur tónlistarskólans hafi náð eftirtektarverðum árangri í tónlistarheiminum. Erfitt sé fyrir tónlistarskólann að ná 150 nemendalágmarkinu og hefur skólinn skoðað að sameinast öðrum skólum.

*Um samninga tónlistarskóla vegna efri stiga tónlistarnáms*



Sveitarfélögum sem ekki reka sjálf tónlistarskóla ber samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs, vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms, að gera samninga við þá aðila sem fá fjármagn vegna verkefnisins. Gerðir eru árlegir samningar sem byggja á áætlun Jöfnunarsjóðs um framlag til sveitarfélagsins.

Alls var kennt á efri stigum tónlistarnáms í 13 tónlistarskólum í Reykjavík á yfirstandandi skólaári. Það er þó í mjög mismiklum mæli. Þrír tónlistarskólar kenna um 70% af kennslumagninu í borginni á þessum námsstigum. Dreifing fjármagns byggir á fjölda kenndra stunda á ný liðnu skólaári. Í samningum hverju sinni er getið um lágmarkskennslumagn á skólaárinu sem byggt er á ákvörðunum Jöfnunarsjóðs.

Mennta- og barnamálaráðherra, innviðarráðherra og Samband Íslenskra sveitarfélaga f.h. sveitarfélaga hafa undirritað samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 29. mars 2022. Samkomulagið gildir frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024 en hefur nú verið framlengt með viðauka dags. 5. maí 2025 til 31. desember 2026. Vegna þessa er gerður fyrirvari um að samkomulagið verði framlengt.

#### *Skilyrði framlengingar samninga vegna neðri stiga og endurnýjunar vegna efri stiga*

Í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla og í samningum við tónlistarskólana eru sett fram ýmis skilyrði er varða nýtingu fjármagns, upplýsingagjöf og fleira.

Gerður er fyrirvari um að tónlistarskólarnir uppfylli skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla og samningsbundnar skyldur þeirra samkvæmt núgildandi samningum.

#### *Fjárhagsleg áhrif*

Hvað varðar tónlistarnám á neðri stigum eru áætlaðar heildargreiðslur til 15 tónlistarskóla vegna umsamins kennslumagns í samningum vegna neðri stiga kr. 1.297.291.478,- á samningstímabilinu 1. ágúst 2026 til 31. júlí 2027. Tekið er fram að yfirlit yfir samningsaðila vegna neðri stiga í fskj. 1 er birt með fyrirvara um endanlega útreikninga.

Gert er ráð fyrir framangreindu fjármagni vegna neðri stiga í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2026.

Leiði breytingar kjarasamninga til aukinna útgjalda er hækkun fjárframlags háð samþykktum breytingum á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Þegar kemur að tónlistarnámi á efri stigum er það hlutverk Reykjavíkurborgar að miðla framlagi Jöfnunarsjóðs í samræmi við reglur sjóðsins og gera samninga við þá aðila sem falla undir samkomulag um eflingu tónlistarnáms. Samningar vegna framlagsins hafa því ekki útgjaldaáhrif á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.

Fyrir liggur minnisblað skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar, dags. 18. júní 2024, þar sem fram kemur að það sé mat skrifstofunnar að samningar við sjálfstætt starfandi tónlistarskóla séu ekki þjónustusamningar í skilningi EES – samningsins og laga um opinber innkaup og þeir séu því ekki útboðsskyldir. Þá séu samningarnir gerðir í almannapágu og varða



samfélagslegar, menningarlegar og menntunarlegar skyldur sveitarfélaga sem byggja á öðrum lögum en lögum um opinber innkaup, þ.e. lögum nr. 75/1985.

Fyrir liggur staðfesting fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 4. júní 2026, um að heimilt sé til að gera samningana samkvæmt undanþágu ákvæði innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

#### Hjálagt:

Drög að viðauka við þjónustusamning vegna neðri stiga tónlistarnáms

Drög að þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna neðri stiga tónlistarnáms

Drög að þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna efri stiga tónlistarnáms

Núgildandi reglur um um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla

Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla með ráðgerðum breytingum í júní 2026

Samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 29. mars 2022

Viðauki við samkomulag um stuðning við tónlistarnám, dags. 5. maí 2025

Reglur um framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga

## Fylgiskjal 1

Yfirlit yfir kennslumagn skv. ráðgerðum samningum við tónlistarskóla vegna neðri stiga tónlistarskólanáms með fyrirvara um endanlega útreikninga.

Skólaárið 1/8 2026 til 31/2027

| Tónlistarskólar                        | Kennitala   | Á ári (skólaár) | Ág. til des. | Jan. til júl. | Stundir | Pr. stund | Lengd samnings    |
|--|-------------|-----------------|--------------|---------------|---------|-----------|-------------------|
| Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar  | 660269-0619 | 262.970.849     | 109.571.187  | 153.399.662   | 13.178  | 19.955    | 2026-2027 (1 ár)  |
| Tónlistarskóli FÍH                     | 490680-0129 | 153.673.595     | 64.030.664   | 89.642.930    | 8.429   | 18.232    | 2026-2028 (2 ár)  |
| Tónmenntaskóli Reykjavíkur             | 510478-0299 | 127.629.959     | 53.179.149   | 74.450.809    | 6.826   | 18.698    | 2025 -2028 (3 ár) |
| Tónskólinn Do Re Mi                    | 590794-2369 | 122.435.969     | 51.014.987   | 71.420.982    | 6.503   | 18.828    | 2026-2028 (2 ár)  |
| Tónskólinn í Reykjavík ehf             | 710111-1890 | 115.733.470     | 48.222.279   | 67.511.191    | 5.873   | 19.706    | 2025 -2028 (3 ár) |
| Tónlistarskóli Árbæjar ehf             | 540699-2329 | 98.562.428      | 41.067.678   | 57.494.750    | 5.314   | 18.548    | 2025 -2028 (3 ár) |
| Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík     | 570588-1689 | 94.283.539      | 39.284.808   | 54.998.731    | 4.673   | 20.176    | 2026-2028 (2 ár)  |
| Nýi tónlistarskólinn                   | 420179-0229 | 85.819.799      | 35.758.250   | 50.061.550    | 4.535   | 18.924    | 2026-2027 (1 ár)  |
| Samtök um Allegro Suzukitónlistarskóla | 640998-2029 | 41.475.137      | 17.281.307   | 24.193.830    | 1.995   | 20.790    | 2026-2027 (1 ár)  |
| Tónlistarfélagið Strengir ehf          | 430899-2019 | 39.045.320      | 16.268.883   | 22.776.436    | 2.186   | 17.862    | 2026-2027 (1 ár)  |
| Gítarskóli Íslands ehf                 | 560102-4450 | 36.730.127      | 15.304.220   | 21.425.907    | 2.057   | 17.856    | 2026-2027 (1 ár)  |
| Tónstofa Valgerðar ehf                 | 481101-2040 | 36.489.078      | 15.203.782   | 21.285.295    | 1.659   | 21.995    | 2026-2027 (1 ár)  |
| Söngskóli Sigurðar Dementz             | 620217-0420 | 33.421.483      | 13.925.618   | 19.495.865    | 1.668   | 20.037    | 2026-2027 (1 ár)  |
| Söngskólinn í Reykjavík                | 570474-0739 | 31.423.568      | 13.093.154   | 18.330.415    | 1.632   | 19.255    | 2026-2027 (1 ár)  |
| Söngskólinn Domus Vox ehf              | 530314-1620 | 17.597.156      | 7.332.149    | 10.265.008    | 1.034   | 17.019    | 2026-2027 (1 ár)  |
| ALLS                                   |             | 1.297.291.478   | 540.538.116  | 756.753.362   | 67.562  | 19.201    |                   |

## Fylgiskjal 2

Endaleg gögn hafa ekki borist frá Jöfnunarsjóði varðandi efri stig í tónlistarnámi. Sambærilegri aðferðafræði verður beitt, eins og á liðnum árum, þegar þau gögn berast.

Tónlistarskólar sem kenna á efri stigum tónlistarnáms og hafa samning um fjárframlög úr Jöfnunarsjóði:

| Tónlistarskólar                        | Kennitala   |
|--|-------------|
| Samtök um Allegro Suzukitónlistarskóla | 640998-2029 |
| Nýi tónlistarskólinn                   | 420179-0229 |
| Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík     | 570588-1689 |
| Söngskólinn Domus Vox                  | 530314-1620 |
| Söngskóli Sigurðar Dementz             | 620217-0420 |
| Söngskólinn í Reykjavík                | 570474-0739 |
| Tónlistarskóli FÍH                     | 490680-0129 |
| Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar  | 660269-0619 |
| Tónskólinn Do Re Mi                    | 590794-2369 |
| Tónskólinn í Reykjavík                 | 710111-1890 |
| Tónlistarskóli Árbæjar                 | 540699-2329 |
| Tónskóli Þjóðkirkjunnar                | 660269-1349 |



## Viðauki við þjónustusamning við tónlistarskóla vegna neðri stiga tónlistarnáms

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og [Nafn tónlistarskóla] [kt. ] hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan viðauka við þjónustusamning sömu aðila [dagsetning samnings] auk viðauka sem við hann var gerður [dagsetning samnings]:

### 1. gr.

#### Forsendur viðauka

- 1.1. Þjónustusamningur aðila, [dagsetning samnings og síðari viðauka ] og reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar, með síðari breytingum, við tónlistarskóla eru órjúfanlegur hluti viðauka þessa.

### 2. gr.

#### Breytingar á samningnum og framlenging

- 2.1 Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildar fjármagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms og er gildistími samnings aðila [dagsetning samnings og síðari viðauka] framlengdur frá 1. ágúst 2026 til 31. júlí 2027 með eftirfarandi breytingum: Gr. 2.1 samnings aðila verður svohljóðandi:

Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarframlag til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms og er framlag Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans [Fjárhæð] kr. á samningstímanum 1. ágúst 2026 til 31. júlí 2027.

- a) Gr. 2.2 samnings aðila verður svohljóðandi:

Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans eru einungis vegna nemenda á átjándá ári (18 ) og yngri vegna fornáms, grunnnáms og náms á miðstigi í hljóðfæraleyk og vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng á tuttugasta og sjötta ári ( 26 ) og yngri (neðri stig tónlistarnáms). Auk þess sem það er skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík og falli utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 29. mars 2022 með síðari viðauka, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

[Vegna sérstöðu Tónstofu Valgerðar hvað varðar tónlistarnám fullorðins fólks með staðfesta fötlunargreiningu gilda, vegna skólaársins 2026~~5~~ til 2027~~6~~, ekki framangreind aldursviðmið reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla sem tóku gildi þann 29. júní 2023.]

- b) Gr. 2.5 samnings aðila verður svohljóðandi:

Gerður er fyrirvari um að framlag sem greiðist á árinu 2027 er með fyrirvara um árlegan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur.



- c) Gr. 2.11 – við bætist eftirfarandi:  
Gerður er fyrirvari vegna umsókna tónlistarskóla um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skóla við afleysingu vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum kennarans sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum, sjá nánar í gr. 2.11 í samningi við tónlistarskóla, samanber jafnframt gr. 5.11 og 5.12 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla. Gerð er krafa um að áður en tekin er ákvörðun um afleysingu verði haft samráð við skóla- og frístundasvið. Áskilinn er réttur til að synja umsóknum um aukaframlag hafi ekki verið leitað afstöðu skóla- og frístundasviðs áður en til ráðningar kemur.
- d) Gr. 3.4 samnings aðila verður svohljóðandi:  
Tónlistarskólinn kennir að lágmarki [fjöldi stunda] nemendastundir á ári fyrir árlegt framlag á samningstímanum.
- e) Gr. 4.1 samnings aðila verður svohljóðandi:  
Umsækjendur um nám í tónlistarskóla sækja um það hjá þeim tónlistarskóla sem þeir óska eftir að sækja. Umsókn og innritun er á ábyrgð viðkomandi tónlistarskóla. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að afla upplýsinga frá tónlistarskólanum um umsækjendur, stöðu á biðlista og skráða nemendur með lögheimili í Reykjavík sem greitt er fjárframlag vegna.
- f) Gr. 5.2 breytist með þeim hætti að við hana bætist eftirfarandi:  
Auk þess upplýsingar um um áætlaðan nemendafjölda, fjölda umsókna, stöðu á biðlista og upplýsingar um nöfn og kennitölur nemenda með lögheimili í Reykjavík og nám þeirra.
- g) Til verður ný gr. 5.7 sem er svohljóðandi:  
Tónlistarskólar skulu skila sjálfsmatsskýrslu til skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur stefna og markmið skóla, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólstarfs og áætlun um úrbætur. Sjálfsmatið skal vera í samræmi við þau viðmið sem sett eru í aðalnámskrá tónlistarskóla um sjálfsmat. Sjálfsmatsskýrsla getur verið hluti af ársskýrslu tónlistarskóla og skal þá vera í sér kafla undir heitinu sjálfsmat skóla.

### 3. gr.

#### Gildistími samnings

- 3.1 Gr. 7.1 samnings aðila verður svohljóðandi:  
Samningur þessi gildir fyrir tímabilið 1. ágúst 2026 til og með 31. júlí 2027.

### 4. gr.

#### Varnarþing, undirritun ofl.

- 4.1 Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings aðila frá [dags. samnings og síðari viðauka] og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins. Að því leyti sem ákvæði þessa viðauka og gildandi samnings og síðari viðauka kunna að teljast ósamrýmaleg gilda ákvæði þessa viðauka.



- 4.2 Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.
- 4.3 [Viðaukasamningur þessi er gerður í tveimur(2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framgreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér í undir í votta viðurvist.]

[Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir]

Reykjavík,

\_\_\_\_\_  
F.h. Reykjavíkurborgar  
vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

\_\_\_\_\_  
F.h. Nafn tónlistarskólans

Vottar að dags. og undirskriftum:

\_\_\_\_\_  
Nafn og kennitala

\_\_\_\_\_  
Nafn og kennitala

Fylgiskjal viðaukans:

Reglur Reykjavíkurborgar um þjónustusamning við tónlistarskóla, með síðari breytingum. Síðustu breytingar reglnanna voru samþykktar í borgarráði þann [dags.] 2026.

## ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ TÓNLISTARSKÓLA VEGNA NEÐRI STIGA TÓNLISTARNÁMS

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og [Nafn skóla] [kennitala tónlistarskóla] hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan samning í samræmi við reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, samþykktar í borgarráði þann 9. febrúar 2017, með síðari breytingum, sem er fylgiskjal með samningi þessum og órjúfanlegur hluti hans:

### 1. gr.

#### Markmið

- 1.1. Markmið samningsaðila er að styrkja og efla tónlistarskólanám í Reykjavík.

### 2. gr.

#### Fjárframlög

- 2.1. Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms og er árlegt framlag Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans [ ] þ.kr. á samningstímanum 1. ágúst 2026 til 31. júlí 2028.
- 2.2. Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans eru einungis vegna nemenda á átjándra ári (18 ) og yngri vegna fornáms, grunnnáms og náms á miðstigi í hljóðfæraleik og vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng á tuttugasta og sjötta ári ( 26 ) og yngri (neðri stig tónlistarnáms). Auk þess sem það er skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík og falli utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 29. mars 2022 með síðari viðauka, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.
- 2.3. Um framlag Reykjavíkurborgar gilda reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborg við tónlistarskóla dags. samþykktar í borgarráði þann 9. febrúar 2017, með síðari breytingum. Þess skal getið í kynningarefni skólans að skólinn njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.
- 2.4. Tónlistarskólinn nýtir árlegt fjárframlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindur er í samningi þessum. Framlag vegna umsaminna kenndra nemendastunda getur tekið breytingum í samræmi við breytingar kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga og FÍH og FT. Leiði breytingar kjarasamninga til aukinna útgjalda er hækkun fjárframlags háð samþykktum breytingum á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.
- 2.5. Gerður er fyrirvari um að framlag á síðari tveimur samningsárunum er með fyrirvara um árlegan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur.
- 2.6. Tónlistarskólinn skal innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og

- skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.
- 2.7 Tónlistarskólinn ber ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi hans sé í samræmi við þjónustusamning þennan. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Reykjavíkurborgar er að hann starfi að fullu samkvæmt reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 2.8 Tónlistarskólanum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma. Í þessu felst meðal annars að tónlistarskólanum ber að tryggja að mat á menntun og reynslu tónlistarkennara sé í samræmi við ákvæði kjarasamninga.
- 2.9 Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávikagreiningu til Reykjavíkurborgar en óheimilt er að nota fjármagn frá Reykjavíkurborg til greiðslu slíks kostnaðar.
- 2.10 Skilyrði fyrir nýtingu framlags vegna tölvunotkunar tónlistarkennara við kennslu er að fyrir liggi skrifleg beiðni tónlistarskóla um að tónlistarkennari leggi sjálfur til tölvu. Að öðru leyti fer um nýtingu framlags vegna tölvunotkunar tónlistarkennara samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Tónlistarskólinn skal skila í árlegri greinargerð samkvæmt gr. 5.5 í samningi þessum, yfirliti um notkun tölvu í eigu tónlistarkennara sem greitt er fyrir.
- 2.11 Tónlistarskólanum er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skóla við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum tiltekins kennara, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum, til samræmis við gr. 5.11 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla. Gerð er krafa um að áður en tekin er ákvörðun um afleysingu verði haft samráð við skóla- og frístundasvið. Áskilinn er réttur til að synja umsóknum um aukaframlag hafi ekki verið leitað afstöðu skóla- og frístundasviðs áður en til ráðningar kemur.
- 2.12 Heildarframlag til tónlistarskóla, árlegt framlag og aukaframlag skv. gr. 2.11., þjónustusamnings þessa verður aldrei hærra en sem nemur raunverulegum launakostnaði skólans vegna kennslu og stjórnunar vegna neðri stiga á viðkomandi ári.
- 2.13 Framlag skv. gr. 2.1 greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum og skal greitt út síðasta virka dag hvers mánaðar (eftirá).

### 3. gr.

#### Kennsla og kennslumagn á grundvelli framlags

- 3.1 Tónlistarskólinn skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.
- 3.2 Tónlistarskólinn ábyrgist að kennsla þeirra nemenda, sem innritaðir eru í skólann, sé í samræmi við lög og reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem áhrif kunna að hafa á rekstur tónlistarskóla. Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólalastarfinu og mæta áhuga nemenda.
- [Tónlistarskólanum er heimilt að nýta fjármagn með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi í fullu námi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum auk hliðargreina. Skólinn

- skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð. Á eingöngu við um þá sem hafa fengið samþykkt þetta fyrirkomulag].
- 3.3 Tónlistarskólinn upplýsir í starfsáætlun skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um hversu margar nemendastundir hann getur kennt að lágmarki fyrir áætlað framlag Reykjavíkurborgar.
  - 3.4 Tónlistarskólinn kennir að lágmarki [fjöldi stunda] nemendastundir á ári fyrir árlegt framlag á samningstímanum.
  - 3.5 Framlag samkvæmt samningnum tekur til kennslu þeirra nemenda sem falla undir reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 1.1. í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
  - 3.6 Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í grein 3.4 í samningi þessum en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags, sbr. gr. 2.1 samningsins.
  - 3.7 Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því í starfsáætlun og greinargerð og taka fram hvort og með hvaða hætti það hefur áhrif á það heildarkennslumagn sem hverjum nemanda í fullu námi býðst.
  - 3.8 Nemendur skulu fá kennslu að lágmarki í samræmi við lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000 og reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
  - 3.9 Sjái tónlistarskólinn sér ekki fært að uppfylla skilyrði um kennsluskyldu eða þjónustu miðað við forsendur þær er fram koma í samningi þessum skal skólinn tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar það svo fljótt sem verða má. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar mun þá endurskoða fjárhæð framlags og lækka framlagið í samræmi við breyttar forsendur.

#### 4. gr.

##### Umsókn og innritun í tónlistarskóla

- 4.1 Umsækjendur um nám í tónlistarskóla sækja um það hjá þeim tónlistarskóla sem þeir óska eftir að sækja. Umsókn og innritun er á ábyrgð viðkomandi tónlistarskóla. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt að afla upplýsinga frá tónlistarskólanum um umsækjendur, stöðu á biðlista og skráða nemendur með lögheimili í Reykjavík sem greitt er fjárframlag vegna.
- 4.2 Tónlistarskólinn skal setja sér inntökureglur og birta á heimasíðu sinni. Tónlistarskólinn skal gæta jafnræðis við inntöku nemenda og skulu aðferðir skólans við mat á umsækjendum vera gagnsæjar og aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans. Kostnaður vegna námsins skal tilgreindur með skýrum og aðgengilegum hætti og vera umsækjendum um nám ljós áður en þeir senda inn umsókn sína.

#### 5. gr.

##### Upplýsingagjöf og eftirlit skóla- og frístundasviðs

- 5.1 Tónlistarskólinn skilar starfsáætlun eigi síðar en 1. júlí ár hvert samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til samræmis við gr. 12.1 í reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla.

- 5.2** Tónlistarskólinn afhendir að beiðni skóla- og frístundasviðs þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu skóla- og frístundasviðs hverju sinni, sbr. Tónalaun eða á öðru sambærilegu formi. Auk þess upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda, fjölda umsókna, stöðu biðlista og upplýsingar um nöfn og kennitölur nemenda með lögheimili í Reykjavík og nám þeirra.
- 5.3** Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar er heimilt að krefja tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar. Með fjárhagsáætlun skal fylgja yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu Reykjavíkurborgar hverju sinni.
- 5.4** Tónlistarskólinn sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí. Skil á ársreikningum skal vera eigi síðar en sex mánuðum eftir að fjárhagsári lýkur. Reikningar skulu áritaðir af framkvæmdastjóra (skólastjóra), stjórn félagsins (skólanefnd) og endurskoðendum. Í ársreikningi skulu tekjur af skólagjöldum vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms sundurgreindar í skýringum þegar við á. Jafnframt skal sundurgreina launakostnað vegna kennslu og stjórnunar sérstaklega vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms þegar við á. Sama gildir um aukaframlag vegna langtíma forfalla tónlistarkennara vegna veikinda eða slysa.
- 5.5** Tónlistarskólinn skilar greinargerð til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert. Í greinargerð komi fram upplýsingar um starfsemi skólans, s.s. fjölda nemenda, fjölda nemenda á biðlista, fjölda kenndra nemendastunda, fjölda kennara og stöðugilda, innritunarreglur og innritunarviðmið, fjölda áfangaprófa, yfirlit yfir eigin tölvunotkun tónlistarkennara, yfirlit yfir tónleika, nýjungar í skólastarfi, upplýsingar um skólagjöld við skólann á mismunandi námsstigum auk afsláttu ef um slíkt er að ræða og annað það sem skólar vilja taka fram eða Reykjavíkurborg óskar eftir. Sjálfsmatsskýrsla getur verið hluti af ársskýrslu.
- 5.6** Tónlistarskólanum er einnig skylt að veita skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans og allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða tónlistarfræðslu í Reykjavíkurborg.
- 5.7** Tónlistarskólar skulu skila sjálfsmatsskýrslu til skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur stefna og markmið skóla, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólastarfs og áætlun um úrbætur. Sjálfsmatið skal vera í samræmi við þau viðmið sem sett eru í aðalnámskrá tónlistarskóla um sjálfsmat. Sjálfsmatsskýrsla getur verið hluti af ársskýrslu tónlistarskóla og skal þá vera í sér kafla undir heitinu sjálfsmat skóla.

## 6. gr.

### Vanefndir og leiðréttingar

- 6.1 Komi til vanefnda á þjónustusamningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.
- 6.2 Komi í ljós að skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hafi ofgreitt framlag til tónlistarskóla af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka, mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Tónlistarskólinn getur óskað eftir því að endurgreiðslu verði dreift á þrjá mánuði.

## 7. gr.

### Gildistími og áskilnaður um rekstrarhæfi

- 7.1. Samningur þessi gildir fyrir tímabilið 1. ágúst 2026 til og með 31. júlí 2028.
- 7.2 Óski annar hvor aðilinn eftir því að segja samningnum upp fyrr er gagnkvæmur uppsagnarfrestur þrjú mánuðir og miðast við mánaðamót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.
- 7.3 Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskólans.

## 8. gr.

### Þagmælska starfsfólks og meðferð stjórnarsýslumála

- 8.1 Starfsfólk tónlistarskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.
- 8.2 Tónlistarskólinn skal fylgja ákvæðum stjórnarsýslulaga við töku ákvarðana er varða réttindi og skyldur nemenda í tónlistarskólanum.

## 9. gr.

### Fyrirvari vegna breytinga á lögum

- 9.1. Verði gerð breyting á lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað er gerður almennur fyrirvari við samning þennan, ef breytingarnar kalla á endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa.

## 10. gr.

### Force Majeure

- 10.1. Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til

óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

### **11. gr.**

#### **Fjárhagsleg ábyrgð og framsal**

- 11.1.** Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri tónlistarskólans.
- 11.2** Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirfram fengnu skriflegu samþykki hins.

### **12. gr.**

#### **Varnarþing**

- 13.1** Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### **13. gr.**

#### **Undirritun**

- 14.1.** [Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.]

[Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir]

Reykjavík, [ ], 2026

Viðauki

Reglur Reykjavíkurborgar um þjónustusamning við tónlistarskóla, með síðari breytingum. Síðustu breytingar reglnanna voru samþykktar í borgarráði þann [dags.] 2026.

## ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ TÓNLISTARSKÓLA VEGNA EFRI STIGA TÓNLISTARNÁMS

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og [Nafn skóla, kennitala skóla] hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan samning í samræmi við reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, samþykktar í borgarráði þann 9. febrúar 2017, með síðari breytingum, samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 29. mars 2022 og síðari viðauka, dags. 5. maí 2025 og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlögin, dags. 31. ágúst 2016, sem fylgja sem viðhengi við samning þennan og eru órjúfanlegur hluti hans:

### 1. gr.

#### Markmið

- 1.1. Markmið samningsaðila er að styrkja og efla tónlistarskólanám í Reykjavík.

### 2. gr.

#### Fjárframlög

- 2.1. Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms og er framlag Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólans [ fjárhæð ]kr. á samningstímanum 1. september 2026 til 31. ágúst 2027.
- 2.2. Fjárframlög sem Reykjavíkurborg miðlar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru vegna nemenda, óháð lögheimili þeirra, sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 29. mars 2022, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs um framlögin, dags. 31. ágúst 2016. Gerður er fyrirvari um að samkomulag, dags. 29. mars 2022, sem framlengt var með viðauka þann 5. maí 2025 verði framlengt út gildistíma samningsins.
- 2.3. Tónlistarskólinn nýtir árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindur er í samningi þessum og tónlistarskólinn telur sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.  
Árlegt framlag breytist í samræmi við ákvæði 2. gr. samkomulags um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 29. mars 2022 með síðari viðauka. Reykjavíkurborg tekur við hækkuðum greiðslum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og reiknar upp framlög til tónlistarskólans.
- 2.4. Gerður er fyrirvari um að miðað er við greitt framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Reykjavíkurborgar og getur framlagið lækkað verði fjármagn frá Jöfnunarsjóði skert.
- 2.5. Tónlistarskólinn skal innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.
- 2.6. Tónlistarskólinn ber ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi hans sé í samræmi við þjónustusamning þennan. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá Reykjavíkurborg er að hann starfi að fullu samkvæmt reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla,

samkomulagi um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 29. mars 2022 með síðari viðauka og reglum Jöfnunarsjóðs um framlögin, dags. 31. ágúst 2016.

- 2.7 Tónlistarskólanum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma. Í þessu felst meðal annars að tónlistarskólanum ber að tryggja að mat á menntun og reynslu tónlistarkennara sé í samræmi við ákvæði kjarasamninga.
- 2.8 Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávikagreiningu til Reykjavíkurborgar en óheimilt er að nota framlög samkvæmt þjónustusamningnum til greiðslu slíks kostnaðar.
- 2.9 Skilyrði fyrir nýtingu framlags vegna tölvunotkunar tónlistarkennara við kennslu er að fyrir liggi skrifleg beiðni tónlistarskóla um að tónlistarkennari leggi sjálfur til tölvu. Að öðru leyti fer um nýtingu framlags vegna tölvunotkunar tónlistarkennara samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Tónlistarskólinn skal skila í árlegri greinargerð samkvæmt gr. 5.5 í þjónustusamningi þessum, yfirliti yfir notkun tölvu í eigu tónlistarkennara sem greitt er fyrir.
- 2.10 Tónlistarskólanum er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skólans við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara, sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum tiltekins kennara, sem staðfest eru með læknisvottorði, og að því gefnu að kennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum, til samræmis við gr. 5.11 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla. Gerð er krafa um að áður en tekin er ákvörðun um afleysingu verði haft samráð við skóla- og frístundasvið. Áskilinn er réttur til að synja umsóknum um aukaframlag hafi ekki verið leitað afstöðu skóla- og frístundasviðs áður en til ráðningar kemur.
- 2.11 Framlag skv. gr. 2.1. greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum og skal greitt út síðasta virka dag hvers mánaðar (eftirá).

### 3. gr.

#### Kennsla og kennslumagn á grundvelli framlags

- 3.1 Kennslumagn á samningstímanum er ákvarðað á grundvelli upplýsinga frá tónlistarskólanum til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslumagn frá fyrra ári sem var [fjöldi stunda] að teknu tilliti til útreikninga Jöfnunarsjóðs á grundvelli reglna hans.
- 3.2 Tónlistarskólinn kennir að lágmarki [fjöldi stunda] nemendastundir fyrir framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á samningstímanum.
- 3.3 Fjármagn skal að fullu notað til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar og að lágmarki vegna nemendastunda skv. gr. 3.2 í samningi þessum vegna náms á efri stigum tónlistarnáms.
- 3.4 Tónlistarskólinn skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.
- 3.5 Tónlistarskólanum er óheimilt að mismuna nemendum eftir búsetu við inntöku nemenda vegna náms á efri stigum tónlistarnáms.
- 3.6 Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir komandi skólaár miða við kennslumagn nýliðins skólaárs. Tónlistarskólinn skal skila upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á yfirstandandi skólaári til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.

- 3.7** Samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er einungis heimilt að telja með kennslumagn vegna náms á miðstigi í söng hafi viðkomandi nemandi lokið að fullu námi í söng á grunnstigi. Þá má aðeins telja með kennslumagn vegna sama nemanda á miðstigi í söng í fjögur ár samanlagt.
- 3.8** Samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er einungis heimilt að telja með kennslumagn vegna náms á framhaldsstigi í söng eða hljóðfæraleik hafi nemandi lokið að fullu námi á miðstigi. Þá má aðeins telja með kennslumagn vegna sama nemanda á framhaldsstigi í söng eða hljóðfæraleik í fimm ár samanlagt. Tónlistarskólum ber að afla upplýsinga um námsferil nemenda.
- 3.9** Samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er einungis heimilt að telja með kennslumagn vegna viðbótarnáms eftir framhaldsstig í söng eða hljóðfæraleik hafi nemandi lokið námi á framhaldsstigi að fullu. Þá má aðeins telja með kennslumagn vegna sama nemanda í viðbótarnámi eftir framhaldsstig í tvö ár samanlagt.
- 3.10** Tónlistarskólinn upplýsir í starfsáætlun skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um hversu margar nemendastundir hann getur kennt að lágmarki fyrir áætlað framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem Reykjavíkurborg miðlar.
- 3.11** Tónlistarskólinn ábyrgist að kennsla þeirra nemenda, sem innritaðir eru í skólann, sé í samræmi við lög og reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem áhrif kunna að hafa á rekstur tónlistarskóla. Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólalastarfinu og mæta áhuga nemenda.
- 3.12** Nemendur skulu fá kennslu að lágmarki í samræmi við lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000 og reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 3.13** Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í grein 3.2 í samningi þessum en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags samningsins, sbr. gr. 2.1 samningsins
- 3.14** Sjái tónlistarskólinn sér ekki fært að uppfylla skilyrði um kennsluskyldu eða þjónustu miðað við forsendur þær er fram koma í samningi þessum skal skólinn tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar það svo fljótt sem verða má. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar mun þá endurskoða fjárhæð framlags og lækka framlagið í samræmi við breyttar forsendur.

#### **4. gr.**

##### **Umsókn og innritun í tónlistarskóla**

- 4.1** Umsækjendur um nám í tónlistarskóla sækja um það hjá þeim tónlistarskóla sem þeir óska eftir að sækja. Umsókn og innritun er á ábyrgð viðkomandi tónlistarskóla. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að afla upplýsinga frá tónlistarskólanum um umsækjendur, stöðu á biðlista og skráða nemendur með lögheimili í Reykjavík sem greitt er fjárframlag vegna.
- 4.2** Tónlistarskólinn skal setja sér inntökureglur og birta á heimasíðu sinni. Tónlistarskólinn skal gæta jafnræðis við inntöku nemenda og skulu aðferðir skólans við mat á umsækjendum vera gagnsæjar og aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans. Kostnaður vegna námsins skal tilgreindur með skýrum og aðgengilegum hætti og vera umsækjendum um nám ljós áður en þeir senda inn umsókn sína.

## 5. gr.

### Upplýsingagjöf og eftirlit skóla- og frístundasviðs

- 5.1 Tónlistarskólinn skilar starfsáætlun eigi síðar en 1. júlí ár hvert samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til samræmis við gr. 12.1 í reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla.
- 5.2 Tónlistarskólinn afhendir að beiðni skóla- og frístundasviðs þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu skóla- og frístundasviðs hverju sinni, sbr. Tónalaun eða á öðru sambærilegu formi. Auk þess upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda, fjölda umsókna, stöðu á biðlista og upplýsingar um nöfn og kennitölur nemenda með lögheimili í Reykjavík og nám þeirra.
- 5.3 Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar er heimilt að krefja tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar. Með fjárhagsáætlun skal fylgja yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu Reykjavíkurborgar hverju sinni.
- 5.4 Tónlistarskólinn sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningssskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí Reikningar skulu áritaðir af framkvæmdastjóra (skólastjóra), stjórn félagsins (skólanefnd) og endurskoðendum. Í ársreikningi skulu tekjur af skólagjöldum vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms sundurgreindar í skýringum þegar við á. Jafnframt skal sundurgreina launakostnað vegna kennslu og stjórnunar sérstaklega vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms þegar við á. Sama gildir um aukaframlag vegna langtíma forfalla tónlistarkennara vegna veikinda eða slysa.
- 5.5 Tónlistarskólinn skilar greinargerð til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert. Í greinargerð komi fram upplýsingar um starfsemi skólans, s.s. fjölda nemenda, fjölda nemenda á biðlista, fjölda kenndra nemendastunda, fjölda kennara og stöðugilda, innritunarreglur og innritunarviðmið, fjölda áfangaprófa, yfirlit yfir eigin tölvunotkun tónlistarkennara, yfirlit yfir tónleika, nýjungar í skólastarfi, upplýsingar um skólagjöld við skólann á mismunandi námsstigum auk afslátta ef um slíkt er að ræða og annað það sem skólar vilja taka fram eða Reykjavíkurborg óskar eftir. Sjálfsmatsskýrsla getur verið hluti af ársskýrslu tónlistarskóla.
- 5.6 Tónlistarskólanum er einnig skylt að veita skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans og allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða tónlistarfræðslu í Reykjavík.

- 5.7 Tónlistarskólar skulu skila sjálfsmatsskýrslu til skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur stefna og markmið skóla, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólastarfs og áætlun um úrbætur. Sjálfsmatið skal vera í samræmi við þau viðmið sem sett eru í aðalnámskrá tónlistarskóla um sjálfsmat. Sjálfsmatsskýrsla getur verið hluti af ársskýrslu tónlistarskóla og skal þá vera í sér kafla undir heitinu sjálfsmat skóla.

## 6. gr.

### Vanefndir og leiðréttingar

- 6.1 Komi til vanefnda á þjónustusamningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.
- 6.2 Komi í ljós að skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hafi ofgreitt framlag til tónlistarskóla af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Tónlistarskólinn getur óskað eftir því að endurgreiðslu verði dreift á þrjú mánuði.

## 7. gr.

### Gildistími og áskilnaður um rekstrarhæfi

- 7.1 Samningur þessi gildir til fyrir tímabilið 1. september 2026 til og með 31. ágúst 2027.
- 7.2 Óski annar hvor aðilinn eftir því að segja samningnum upp fyrr er gagnkvæmur uppsagnarfrestur þrjú mánuðir og miðast við mánaðamót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.
- 7.3 Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna sammingsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskólans.

## 8. gr.

### Þagmælska starfsfólks og meðferð stjórnáslumála

- 8.1 Starfsfólk tónlistarskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.
- 8.2 Tónlistarskólinn skal fylgja ákvæðum stjórnáslulaga við töku ákvarðana er varða réttindi og skyldur nemenda í tónlistarskólanum.

## 9. gr.

### Fyrirvari vegna breytinga á lögum

- 9.1 Verði gerð breyting á lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, samkomulagi um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 29. mars 2022 eða reglum

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlögin, dags. 31. ágúst 2016 er gerður almennur fyrirvari við samning þennan, ef breytingarnar kalla á endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa.

#### **10. gr.**

##### **Force Majeure.**

- 10.1.** Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

#### **11. gr.**

##### **Fjárhagsleg ábyrgð og framsal**

- 11.1.** Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri tónlistarskólans.
- 11.2** Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

#### **12. gr.**

##### **Varnarþing**

- 12.1** Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### **13. gr.**

##### **Undirritun**

- 13.1.** [Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.]

[Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.]

F.h. Reykjavíkurborgar  
vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

F.h. tónlistarskólans

Vottar að dags. og undirskriftum:

\_\_\_\_\_ kt \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ kt \_\_\_\_\_

Viðauki I

Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, samþykktar í borgarráði þann 9. febrúar 2017, með síðari breytingum.

Samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 29. mars 2022 auk viðauka dags. 5. maí 2025.

Reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlögin, dags. 31. ágúst 2016.



## Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla

### 1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um:

- 1.1 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborgar gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík sem stunda fornám, grunnnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnnám í söng (neðri stig tónlistarnáms), sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000, og úthlutun fjármagns á grundvelli þeirra.
- 1.2 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 29. mars 2022, sem framlengt var með viðauka dags. 5. maí 2025, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, um framlögin.
- 1.3 Áður en þjónustusamningur er gerður við tónlistarskóla skal eftirfarandi liggja fyrir:
  - 1.3.1 Sérstakt samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
  - 1.3.2 Samþykktir fyrir tónlistarskóla, þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, og fjármögnun, undirritaðar af stjórn eða skólanefnd skólans.
  - 1.3.3 Þriggja ára fjárhagsáætlun skólans eða fjárhagsáætlun til jafn langs tíma og þjónustusamningur nær til.
  - 1.3.4 Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi sbr. gr. 12.4 í reglum þessum.

### 2. gr. Skilgreiningar á hugtökum

- 2.1 Með tónlistarskóla í reglum þessum er átt við tónlistarskóla eins og hann er skilgreindur í 1. gr. laga nr. 75/1985.
- 2.2 Með neðri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við fornám, grunnnám og nám á miðstigi í hljóðfæraleik og fornám og grunnnám í söng. Fjárhagslegur stuðningur Reykjavíkurborgar er bundinn við nemendur í framangreindu námi með lögheimili í Reykjavík. Jafnframt er stuðningurinn bundinn við nemendur á átjándá ári (18) og yngri



vegna fornáms, grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og við nemendur á tuttugasta og sjötta ári (26) og yngri vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng.

- 2.2 Með efri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg leggur ekki til fjármuni vegna framangreinds náms heldur miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli samkomulags, dags. 29. mars 2022 og síðari viðauka, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi lögheimili í Reykjavík.
- 2.3 Með nemendastundum í reglum þessum er átt við allar kennslustundir í aðalnámsgrein, meðleik og aukanámsgreinum auk stjórnunarstunda skv. kjarasamningum, umreiknuðum yfir í kennslustundir í grunnnámi.
- 2.4 Jafngildi grunnstignemanda í fullu námi er í reglum þessum talið 38 nemendastundir á ári.
- 2.5 Þegar fjallað er um aldursviðmið, hámarksaldur nemenda, í reglum þessum er miðað við árið sem nemandi nær tilteknum aldri.

### 3. gr.

#### Markmið

- 3.1 Markmið reglna þessara er:
  - 3.1.1 Að stuðla að góðu, faglegu, vel skipulögðu og fjölbreyttu námi á neðri og efri stigum tónlistarnáms í Reykjavík.
  - 3.1.2 Að stuðla að því að hjá tónlistarskólum í Reykjavík starfi fagfólk, sem hefur menntun og hæfni til að sinna kennslu í tónlistarnámi.
  - 3.1.3 Að stuðla að því að tónlistarskólar í Reykjavík séu sýnilegt og lifandi afl í nærumhverfi sínu.

### 4. gr.

- 4.1 Í þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla skal að minnsta kosti fjalla um fjárframlag til tónlistarskóla og kennslumagn, skilyrði framlags til tónlistarskóla, skilyrði um kennslu og kennslumagn tónlistarnáms, umsókn og innritun í tónlistarskóla, upplýsingagjöf og eftirlit, vanefndir á þjónustusamningi, leiðréttingar á fjárframlagi og samningstíma.

### 5. gr.

#### Um fjárframlag til tónlistarskóla

- 5.1 Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gert hafa þjónustusamning við Reykjavíkurborg.
- 5.2 *Fjárframlag vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn og kennslumagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms. Ekki er greitt fjárframlag í þágu kennslu nemenda eldri en



18 ára vegna fornáms, grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og ekki í þágu kennslu nemenda eldri en 26 ára vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng. Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára. Alla jafna er tekið tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

**5.3** *Fjárframlag vegna nemenda á efri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 2.3 reglna þessara. Um úthlutun, miðlun og nýtingu framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gilda ákvæði samkomulags, dags. 29. mars 2022 og síðari viðauka um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglur Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, og ákvæði reglna þessara.

**5.4** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir tónlistarskólum fjárframlag í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.1 í reglum þessum og miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum.

**5.5** *Um fjárframlag vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms:*

Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda 18 ára og yngri í fornámi, grunnnámi og námi á miðstigi í hljóðfæraleik og vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng 26 ára og yngri ( vegna neðri stiga tónlistarnáms ). Auk þess sem það er skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík og falli utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 29. mars 2022 og síðari viðauka um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

**5.6** Tónlistarskóli nýtir árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi við hann og skólarnir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.

**5.7** Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.

**5.8** Tónlistarskólar bera ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi þeirra sé í samræmi við gildandi þjónustusamning. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að hann starfi að fullu samkvæmt þessum reglum.



- 5.9** Tónlistarskólum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma, þ.m.t. ábyrgð á réttu og samræmdu mati menntunar og reynslu tónlistarkennara í samræmi við ákvæði kjarasamnings.
- 5.10** Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávíkgreiningu til Reykjavíkurborgar en hvorki fjármagn frá Reykjavíkurborg né Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skal nota til greiðslu þess kostnaðar.
- 5.11** Tónlistarskóla er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skólans við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum kennarans, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum. Umsóknarfrestur um aukaframlag er til 1. júní vegna yfirstandandi skólaárs. Ekki er greitt aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hafa 70 ára aldri.<sup>1</sup>
- 5.12** Gerð er krafa um að áður en tónlistarskóli með þjónustusamning við Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um afleysingu verði haft samráð við skóla- og frístundasvið til að tryggja að til staðar séu forsendur greiðslu aukaframlags og jafnframt hvort til staðar séu fjárheimildir. Áskilinn er réttur til að synja umsóknum um aukaframlag hafi ekki verið leitað afstöðu skóla- og frístundasviðs áður en til ráðningar kemur.

## 6. gr.

### Ákvörðun um breytingu á úthlutun fjárframlags

- 6.1** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar gerir tillögu til borgarráðs um gerð þjónustusamnings við nýja tónlistarskóla, s.s. í nýjum hverfum, hverfum sem eru í vexti eða þegar starfandi tónlistarskóli hættir rekstri. Í þessum tilvikum skal Reykjavíkurborg auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa á að reka tónlistarskóla eða setja upp útibú frá starfandi skóla.
- 6.2** Ef tónlistarskóli hættir eða umtalsverð fækkun verður á kenndum stundum í tilgreindum skólum er heimilt að úthluta samsvarandi stundum til annarra skóla. Miða skal við að beina kennslumagni einkum í þau hverfi sem eru í vexti með tilliti til barnafjölda eða þar sem fá tækifæri eru til tónlistarnáms.
- 6.3** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur veitt tónlistarskóla undanþágu frá lágmarksfjölda nemenda ( 150 ) eða ígildi þess ef um er að ræða borgarhluta sem skortir slíka þjónustu að mati skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning. Tillögu um slíkt skal leggja fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

## 7. gr.

<sup>1</sup> Sjá jafnframt ákvæði til bráðabirgða.



## Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri stigum tónlistarnáms

**7.1** Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við skal uppfylla eftirtalin skilyrði og markmið um kennslu og kennslumagn vegna neðra stiga tónlistarnáms:

**7.1.1** Tónlistarskóli skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.

**7.1.2** Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólastarfinu og mæta áhuga nemenda.

**7.1.3** Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar tónlistarnáms á neðri stigum.

**7.1.4** Tónlistarskóla er heimilt að sækja um að fjárframlög úr borgarsjóði vegna samþykkt kennslumagns á neðri stigum tónlistarnáms verði nýtt með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi í fullu námi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum auk hliðargreina. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.

**7.1.5** Áhersla er lögð á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda á skólatíma eða í beinu framhaldi af honum. Skriflegt samþykki foreldra nemenda þarf til að taka nemendur út úr kennslutímum grunnskóla til iðkunar tónlistarnáms.

## 8. gr.

### Skilyrði um kennslu og kennslumagn á efri stigum tónlistarnáms

**8.1** Á grundvelli samkomulags ríkis við Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. mars 2022 og síðari viðauka, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms greiðir ríkið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna náms í hljóðfærалеik á framhaldsstigi og náms í söng á miðstigi og framhaldsstigi auk viðbótarnáms eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg tekur við framlagi vegna tónlistarnáms á efri stigum frá Jöfnunarsjóði, stýrir aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga og greiðir áfram til tónlistarskóla á grundvelli samkomulags og reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og að teknu tilliti til málefnalegra sjónarmiða þegar þeim reglum sleppir.

**8.2** Í þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms skal tilgreina heildarframlag á skólaárinu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem kemur í hlut skólans vegna þess kennslumagns sem fellur undir samkomulag og ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. mars 2022 og síðari viðauka og reglur Jöfnunarsjóðs um framlögin. Sömuleiðis skal tilgreina það kennslumagn sem miðað er við í útreikningi



framlags, sem byggir á upplýsingum frá skólum til Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs frá fyrra ári. Enn fremur skal tilgreina það lágmarkskennslumagn sem skólanum er ætlað að uppfylla. Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar vegna náms á efri stigum tónlistarnáms.

- 8.3** Tónlistarskóli skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og þessum reglum þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.

### **9. gr.**

#### **Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri og efri stigum tónlistarnáms**

- 9.1** Tónlistarskóli þarf að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur eða ígildi þess fjölda á grunnstigi, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar.
- 9.2** Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í þjónustusamningi en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags.
- 9.3** Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því og með hvaða hætti það hefur áhrif á það kennslumagn sem hverjum nemanda býðst.
- 9.4** Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum.

### **10. gr.**

#### **Kaup á viðbótarþjónustu**

- 10.1** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur samkvæmt nánari reglum tekið ákvörðun um og lagt til við borgarráð að keypt verði viðbótarþjónustu af ákveðnum tónlistarskólum. Rökstyðja skal slíka ákvörðun.

### **11. gr.**

#### **Umsókn og innritun í tónlistarskóla**

- 11.1** Umsækjendur um nám í tónlistarskóla sækja um það hjá þeim tónlistarskóla sem þeir óska eftir að sækja. Umsókn og innritun er á ábyrgð viðkomandi tónlistarskóla. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að afla upplýsinga frá tónlistarskólanum um umsækjendur, stöðu á biðlista og skráða nemendur með lögheimili í Reykjavík sem greitt er fjárframlag vegna.

### **12. gr.**

#### **Upplýsingagjöf og eftirlit**

- 12.1** Tónlistarskóli gerir starfsáætlun samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sendir Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. júlí ár hvert.



- 12.2** Tónlistarskóli afhendir skóla- og frístundasviði þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers. Jafnframt upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda, fjölda umsókna, stöðu á biðlista og upplýsingar um nöfn og kennitölur nemenda með lögheimili í Reykjavík og nám þeirra.
- 12.3** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur getur krafðið tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar.
- 12.4** Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reikniskilavenju auk skýrslu stjórnar að fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí.
- 12.5** Tónlistarskóli skilar greinargerð um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert.
- 12.6** Tónlistarskóli skilar til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á efri stigum tónlistarnáms vegna yfirstandandi skólaárs á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.
- 12.6 Tónlistarskólar skulu skila sjálfsmatsskýrslu til skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur stefna og markmið tónlistarskólans, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólastarfs og áætlun um úrbætur. Sjálfsmatið skal vera í samræmi við þau viðmið sem sett eru í aðalnámskrá tónlistarskóla um sjálfsmat. Sjálfsmatsskýrsla getur verið hluti af ársskýrslu tónlistarskóla og skal þá vera í sér kafla undir heitinu sjálfsmat skóla.
- 12.7** Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólum.

### **13. gr.**

#### **Menntun skólastjórnenda og kennara**

- 13.1** Stjórn/skólanefnd tónlistarskóla ræður skólastjóra.
- 13.2** Menntun skólastjóra skal vera tónlistarskólakennari III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.
- 13.3** Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.
- 13.4** Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara.



## 14. gr. Samningstími

- 14.1** Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við nýjan tónlistarskóla skal gerður til eins árs í senn.
- 14.2** Eftir þriggja ára starfstíma tónlistarskóla er heimilt að gera þjónustusamning til allt að þriggja ára í senn en þó með þeim fyrirvara að framlag Reykjavíkurborgar geti lækkað verði árlegur fjárhagsrammi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eða fjárheimildir Jöfnunarsjóðs skertar. Stefnt skal að því að endurskoðun þjónustusamnings með þriggja ára gildistíma eigi sér stað hálfu ári áður en hann fellur úr gildi.

## 15. gr. Vanefndir á þjónustusamningi

- 15.1** Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað, aðalnámskrá tónlistarskóla, reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og reglum þessum getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 15.2** Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 12.4 í reglum þessum, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans. Sama gildir ef starfsáætlun tónlistarskóla fyrir næsta skólaár, sbr. gr. 12.1 í reglum þessum og/eða greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs, sbr. gr. 12.5 í reglum þessum, berast ekki á tilsettum tíma.

## 16. gr. Gildistaka

- 16.1** Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, ákvæðum samkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. mars 2022 með síðari viðauka um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglum um framlög Jöfnunarsjóðs um framlögin frá 31. ágúst 2016. Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs. Frá sama tíma falla úr gildi reglur samþykktar af borgarráði þann 29. maí 2012 um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

### Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 2. mgr. í gr. 5.11 um að ekki sé greitt aukaframlag vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hefur 70 ára aldri, tekur gildi frá 1. september 2017.



Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaársins 2016 – 2017 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við árið 2012.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaáranna 2017 – 2018, 2018 – 2019, 2019 – 2020, 2020 – 2021, 2021 – 2022 og 2022 – 2023, 2023 – 2024, 2024 - 2025 og 2025 - 2026 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður hefur verið þjónustusamningur við vegna tímabilanna 1. september 2016 til 31. ágúst 2017, 1. september 2017 til 31. júlí 2020, 1. ágúst 2020 til 31. júlí 2021, 1. ágúst 2022 til 31. júlí 2023 og 1. ágúst 2023 til 31. júlí 2024 og 1. ágúst 2024 til 31. júlí 2025 vegna neðri stiga tónlistarnáms sem ekki uppfylla skilyrðin þann 1. ágúst 2025. Jafnframt gagnvart þeim sem gerður hefur verið samningur árlega vegna efri stiga frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018. Hafi orðið breyting á samningsaðila á framangreindum tímabilum nær ákvæðið til þeirra sem verða með þjónustusamning vegna skólaársins 2025 – 2026. Bráðabirgðaákvæðið fellur úr gildi þann 31. júlí 2026 vegna neðri stiga og 31. ágúst 2026 vegna efri stiga

Eftirfarandi gildir til bráðabirgða vegna ákvæða 2.2, 5.2 og 5.5 reglna þessara vegna neðri stiga tónlistarnáms:

Nemendur yfir 18 ára aldri sem þegar stunda nám skólaárið 2022-2023 í tónlistarskólum með gildandi þjónustusamning við Reykjavíkurborg fá undanþágu til að ljúka námi sínu miðað við eðlilega námsframvindu til 25 ára aldurs.

Frá og með skólaárinu 2023-2024 verður ekki heimilt að nota fjárframlag vegna eða í þágu nýrra nemenda sem náð hafa 18 ára aldri í fornámi, grunnnámi og miðnámi. Þeir sem hófu nám fyrir 18 ára aldur frá þeim tíma fá þó undanþágu, miðað við eðlilega námsframvindu, til 23 ára aldurs til að ljúka grunn- og miðprófi. Undanþágan á einnig við þó nemandi hefji nám í öðrum tónlistarskóla á sama hljóðfæri. Hafi nemandi lokið grunnprófi fyrir 18 ára aldur hefur hann til 23 ára aldurs til að ljúka miðprófi þó svo viðkomandi hafi gert hlé á námi á tímabilinu. Sem fyrr er greitt rekstrarframlag vegna náms á framhaldsstigi gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt gildandi samkomulagi þar um.

Nemendur yfir 26 ára aldri sem þegar stunda söngnám skólaárið 2022-2023 í tónlistarskólum með gildandi þjónustusamning við Reykjavíkurborg fá undanþágu til að ljúka söngnámi sínu miðað við eðlilega námsframvindu til 30 ára aldurs.

Frá og með skólaárinu 2023-2024 verður ekki heimilt að nota fjárframlag vegna eða í þágu nýrra nemenda sem náð hafa 26 ára aldri í grunnnámi í söng. Þeir sem hófu nám fyrir 26 ára aldur frá þeim tíma fá þó undanþágu til að fjárframlag sé notað í þeirra þágu miðað við eðlilega námsframvindu til 28 ára aldurs til að ljúka grunnprófi. Undanþágan á einnig við þó nemandi hefji nám í öðrum tónlistarskóla í söng. Sem fyrr er greitt fjárframlag vegna náms á mið- og framhaldsstigi gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt gildandi samkomulagi þar um.

Sem áður er það skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík auk annarra skilyrða sem þarf að uppfylla.



Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 25. janúar 2017 og í borgarráði þann 9. febrúar 2017, sbr. breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 3. maí 2017 og í borgarráði þann 11. maí 2017, breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 9. september 2020 og í borgarráði þann 17. september 2020 og breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 11. maí 2021 og í borgarráði þann 20. maí 2021, sbr. jafnframt í skóla- og frístundaráði þann 27. júní 2022 og í borgarráði þann 7. júlí 2022. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 26. júní 2023 og í borgarráði þann 29. júní 2023. Breytingar samþykktar í borgarráði þann 15. ágúst 2024. Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 23. júní 2025 og í borgarráði þann 26. júní 2025.



## Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla

### 1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um:

- 1.1 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík sem stunda fornám, grunnnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnnám í söng (neðri stig tónlistarnáms), sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000, og úthlutun fjármagns á grundvelli þeirra.
- 1.2 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 29. mars 2022, sem framlengt var með viðauka dags. 5. maí 2025, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, um framlögin.
- 1.3 Áður en þjónustusamningur er gerður við tónlistarskóla skal eftirfarandi liggja fyrir:
  - 1.3.1 Sérstakt samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
  - 1.3.2 Samþykktir fyrir tónlistarskóla, þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, og fjármögnun, undirritaðar af stjórn eða skólanefnd skólans.
  - 1.3.3 Þriggja ára fjárhagsáætlun skólans eða fjárhagsáætlun til jafn langs tíma og þjónustusamningur nær til.
  - 1.3.4 Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi sbr. gr. 12.4 í reglum þessum.

### 2. gr. Skilgreiningar á hugtökum

- 2.1 Með tónlistarskóla í reglum þessum er átt við tónlistarskóla eins og hann er skilgreindur í 1. gr. laga nr. 75/1985.
- 2.2 Með neðri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við fornám, grunnnám og nám á miðstigi í hljóðfæraleik og fornám og grunnnám í söng. Fjárhagslegur stuðningur



Reykjavíkurborgar er bundinn við nemendur í framangreindu námi með lögheimili í Reykjavík. Jafnframt er stuðningurinn bundinn við nemendur á átjándá ári (18) og yngri vegna fornáms, grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og við nemendur á tuttugasta og sjötta ári (26) og yngri vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng.

- 2.2 Með efri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg leggur ekki til fjármuni vegna framangreinds náms heldur miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli samkomulags, dags. 29. mars 2022 og síðari viðauka, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi lögheimili í Reykjavík.
- 2.3 Með nemendastundum í reglum þessum er átt við allar kennslustundir í aðalnámsgrein, meðleik og aukánámsgreinum auk stjórnunarstunda skv. kjarasamningum, umreiknuðum yfir í kennslustundir í grunnnámi.
- 2.4 Jafngildi grunnstignemanda í fullu námi er í reglum þessum talið 38 nemendastundir á ári.
- 2.5 Þegar fjallað er um aldursviðmið, hámarksaldur nemenda, í reglum þessum er miðað við árið sem nemandi nær tilteknum aldri.

### 3. gr. Markmið

- 3.1 Markmið reglna þessara er:
  - 3.1.1 Að stuðla að góðu, faglegu, vel skipulögðu og fjölbreyttu námi á neðri og efri stigum tónlistarnáms í Reykjavík.
  - 3.1.2 Að stuðla að því að hjá tónlistarskólum í Reykjavík starfi fagfólk, sem hefur menntun og hæfni til að sinna kennslu í tónlistarnámi.
  - 3.1.3 Að stuðla að því að tónlistarskólar í Reykjavík séu sýnilegt og lifandi afl í nærumhverfi sínu.

### 4. gr.

- 4.1 Í þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla skal að minnsta kosti fjalla um fjárframlag til tónlistarskóla og kennslumagn, skilyrði framlags til tónlistarskóla, skilyrði um kennslu og kennslumagn tónlistarnáms, umsókn og innritun í tónlistarskóla, upplýsingagjöf og eftirlit, vanefndir á þjónustusamningi, leiðréttingar á fjárframlagi og samningstíma.

### 5. gr. Um fjárframlag til tónlistarskóla

- 5.1 Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gert hafa þjónustusamning við Reykjavíkurborg.**5.2 Fjárframlag vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms:** Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn og kennslumagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms.



Ekki er greitt fjárframlag í þágu kennslu nemenda eldri en 18 ára vegna fornáms, grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og ekki í þágu kennslu nemenda eldri en 26 ára vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng. Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára. Alla jafna er tekið tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

- 5.3** *Fjárframlag vegna nemenda á efri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 2.3 reglna þessara. Um úthlutun, miðlun og nýtingu framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gilda ákvæði samkomulags, dags. 29. mars 2022 og síðari viðauka um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglur Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, og ákvæði reglna þessara.
- 5.4** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir tónlistarskólum fjárframlag í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.1 í reglum þessum og miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum.
- 5.5** *Um fjárframlag vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms:*
- Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda 18 ára og yngri í fornámi, grunnnámi og námi á miðstigi í hljóðfæraleik og vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng 26 ára og yngri ( vegna neðri stiga tónlistarnáms ). Auk þess sem það er skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík og falli utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 29. mars 2022 og síðari viðauka um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.
- 5.6** Tónlistarskóli nýtir árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi við hann og skólarnir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.
- 5.7** Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.
- 5.8** Tónlistarskólar bera ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi þeirra sé í samræmi við gildandi þjónustusamning. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að hann starfi að fullu samkvæmt þessum reglum.



- 5.9** Tónlistarskólum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma, þ.m.t. ábyrgð á réttu og samræmdu mati menntunar og reynslu tónlistarkennara í samræmi við ákvæði kjarasamnings.
- 5.10** Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávíkgreiningu til Reykjavíkurborgar en hvorki fjármagn frá Reykjavíkurborg né Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skal nota til greiðslu þess kostnaðar.
- 5.11** Tónlistarskóla er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skólans við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum kennarans, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum. Umsóknarfrestur um aukaframlag er til 1. júní vegna yfirstandandi skólaárs. Ekki er greitt aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hafa 70 ára aldri.<sup>1</sup>
- 5.12** Gerð er krafa um að áður en tónlistarskóli með þjónustusamning við Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um afleysingu verði haft samráð við skóla- og frístundasvið til að tryggja að til staðar séu forsendur greiðslu aukaframlags og jafnframt hvort til staðar séu fjárheimildir. Áskilinn er réttur til að synja umsóknum um aukaframlag hafi ekki verið leitað afstöðu skóla- og frístundasviðs áður en til ráðningar kemur.

## 6. gr.

### Ákvörðun um breytingu á úthlutun fjárframlags

- 6.1** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar gerir tillögu til borgarráðs um gerð þjónustusamnings við nýja tónlistarskóla, s.s. í nýjum hverfum, hverfum sem eru í vexti eða þegar starfandi tónlistarskóli hættir rekstri. Í þessum tilvikum skal Reykjavíkurborg auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa á að reka tónlistarskóla eða setja upp útibú frá starfandi skóla.
- 6.2** Ef tónlistarskóli hættir eða umtalsverð fækkun verður á kenndum stundum í tilgreindum skólum er heimilt að úthluta samsvarandi stundum til annarra skóla. Miða skal við að beina kennslumagni einkum í þau hverfi sem eru í vexti með tilliti til barnafjölda eða þar sem fá tækifæri eru til tónlistarnáms.
- 6.3** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur veitt tónlistarskóla undanþágu frá lágmarksfjölda nemenda ( 150 ) eða ígildi þess ef um er að ræða borgarhluta sem skortir slíka þjónustu að mati skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning. Tillögu um slíkt skal leggja fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

## 7. gr.

<sup>1</sup> Sjá jafnframt ákvæði til bráðabirgða.



## Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri stigum tónlistarnáms

**7.1** Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við skal uppfylla eftirtalin skilyrði og markmið um kennslu og kennslumagn vegna neðra stiga tónlistarnáms:

**7.1.1** Tónlistarskóli skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.

**7.1.2** Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólastarfinu og mæta áhuga nemenda.

**7.1.3** Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar tónlistarnáms á neðri stigum.

**7.1.4** Tónlistarskóla er heimilt að sækja um að fjárframlög úr borgarsjóði vegna samþykkt kennslumagns á neðri stigum tónlistarnáms verði nýtt með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi í fullu námi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum auk hliðargreina. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.

**7.1.5** Áhersla er lögð á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda á skólatíma eða í beinu framhaldi af honum. Skriflegt samþykki foreldra nemenda þarf til að taka nemendur út úr kennslutímum grunnskóla til iðkunar tónlistarnáms.

## 8. gr.

### Skilyrði um kennslu og kennslumagn á efri stigum tónlistarnáms

**8.1** Á grundvelli samkomulags ríkis við Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. mars 2022 og síðari viðauka, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms greiðir ríkið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna náms í hljóðfærarleik á framhaldsstigi og náms í söng á miðstigi og framhaldsstigi auk viðbótarnáms eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg tekur við framlagi vegna tónlistarnáms á efri stigum frá Jöfnunarsjóði, stýrir aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga og greiðir áfram til tónlistarskóla á grundvelli samkomulags og reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og að teknu tilliti til málefnalegra sjónarmiða þegar þeim reglum sleppir.

**8.2** Í þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms skal tilgreina heildarframlag á skólaárinu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem kemur í hlut skólans vegna þess kennslumagns sem fellur undir samkomulag og ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. mars 2022 og síðari viðauka og reglur Jöfnunarsjóðs um framlögin. Sömuleiðis skal tilgreina það kennslumagn sem miðað er við í útreikningi



framlags, sem byggir á upplýsingum frá skólum til Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs frá fyrra ári. Enn fremur skal tilgreina það lágmarkskennslumagn sem skólanum er ætlað að uppfylla. Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar vegna náms á efri stigum tónlistarnáms.

- 8.3** Tónlistarskóli skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og þessum reglum þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.

### **9. gr.**

#### **Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri og efri stigum tónlistarnáms**

- 9.1** Tónlistarskóli þarf að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur eða ígildi þess fjölda á grunnstigi, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar.
- 9.2** Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í þjónustusamningi en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags.
- 9.3** Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því og með hvaða hætti það hefur áhrif á það kennslumagn sem hverjum nemanda býðst.
- 9.4** Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum.

### **10. gr.**

#### **Kaup á viðbótarþjónustu**

- 10.1** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur samkvæmt nánari reglum tekið ákvörðun um og lagt til við borgarráð að keypt verði viðbótarþjónustu af ákveðnum tónlistarskólum. Rökstyðja skal slíka ákvörðun.

### **11. gr.**

#### **Umsókn og innritun í tónlistarskóla**

- 11.1** Umsækjendur um nám í tónlistarskóla sækja um það hjá þeim tónlistarskóla sem þeir óska eftir að sækja. Umsókn og innritun er á ábyrgð viðkomandi tónlistarskóla. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að afla upplýsinga frá tónlistarskólanum um umsækjendur, stöðu á biðlista og skráða nemendur með lögheimili í Reykjavík sem greitt er fjárframlag vegna.

### **12. gr.**

#### **Upplýsingagjöf og eftirlit**

- 12.1** Tónlistarskóli gerir starfsáætlun samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sendir Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. júlí ár hvert.



- 12.2 Tónlistarskóli afhendir skóla- og frístundasviði þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers. Jafnframt upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda, fjölda umsókna, stöðu á biðlista og upplýsingar um nöfn og kennitölur nemenda með lögheimili í Reykjavík og nám þeirra.
- 12.3 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur getur krafðið tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar.
- 12.4 Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reikningskilavenju auk skýrslu stjórnar að fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí.
- 12.5 Tónlistarskóli skilar greinargerð um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert.
- 12.6 Tónlistarskóli skilar til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á efri stigum tónlistarnáms vegna yfirstandandi skólaárs á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.
- 12.6 Tónlistarskólar skulu skila sjálfsmatsskýrslu til skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur stefna og markmið tónlistarskólans, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólastarfs og áætlun um úrbætur. Sjálfsmatið skal vera í samræmi við þau viðmið sem sett eru í aðalnámskrá tónlistarskóla um sjálfsmat. Sjálfsmatsskýrsla getur verið hluti af ársskýrslu tónlistarskóla og skal þá vera í sér kafla undir heitinu sjálfsmat skóla.
- 12.7 Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólum.

### 13. gr.

#### Menntun skólastjórnenda og kennara

- 13.1 Stjórn/skólanefnd tónlistarskóla ræður skólastjóra.
- 13.2 Menntun skólastjóra skal vera tónlistarskólakennari III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.
- 13.3 Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.
- 13.4 Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara.



#### **14. gr. Samningstími**

- 14.1** Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við nýjan tónlistarskóla skal gerður til eins árs í senn.
- 14.2** Eftir þriggja ára starfstíma tónlistarskóla er heimilt að gera þjónustusamning til allt að þriggja ára í senn en þó með þeim fyrirvara að framlag Reykjavíkurborgar geti lækkað verði árlegur fjárhagsrammi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eða fjárheimildir Jöfnunarsjóðs skertar. Stefnt skal að því að endurskoðun þjónustusamnings með þriggja ára gildistíma eigi sér stað hálfu ári áður en hann fellur úr gildi.

#### **15. gr. Vanefndir á þjónustusamningi**

- 15.1** Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað, aðalnámskrá tónlistarskóla, reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og reglum þessum getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 15.2** Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 12.4 í reglum þessum, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans. Sama gildir ef starfsáætlun tónlistarskóla fyrir næsta skólaár, sbr. gr. 12.1 í reglum þessum og/eða greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs, sbr. gr. 12.5 í reglum þessum, berast ekki á tilsettum tíma.

#### **16. gr. Gildistaka**

- 16.1** Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, ákvæðum samkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. mars 2022 með síðari viðauka um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglum um framlög Jöfnunarsjóðs um framlögin frá 31. ágúst 2016. Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs. Frá sama tíma falla úr gildi reglur samþykktar af borgarráði þann 29. maí 2012 um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

#### **Ákvæði til bráðabirgða**

Ákvæði 2. mgr. í gr. 5.11 um að ekki sé greitt aukaframlag vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hefur 70 ára aldri, tekur gildi frá 1. september 2017.



Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaársins 2016 – 2017 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við árið 2012.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaáranna 2017 – 2018, 2018 – 2019, 2019 – 2020, 2020 – 2021, 2021 – 2022 og 2022 – 2023, 2023 – 2024, 2024 – 2025, ~~2025 – 2026~~ og 2026 – 2027 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður hefur verið þjónustusamningur við vegna tímabilanna 1. september 2016 til 31. ágúst 2017, 1. september 2017 til 31. júlí 2020, 1. ágúst 2020 til 31. júlí 2021, 1. ágúst 2022 til 31. júlí 2023 og 1. ágúst 2023 til 31. júlí 2024, ~~og 1. ágúst 2024 til 31. júlí 2025~~ og 1. ágúst 2025 til 31. júlí 2026 vegna neðri stiga tónlistarnáms sem ekki uppfylla skilyrðin þann 1. ágúst 2026. Jafnframt gagnvart þeim sem gerður hefur verið samningur árlega vegna efri stiga frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018. Hafi orðið breyting á samningsaðila á framangreindum tímabilum nær ákvæðið til þeirra sem verða með þjónustusamning vegna skólaársins 2026 – 2027. Bráðabirgðaákvæðið fellur úr gildi þann 31. júlí 2027 vegna neðri stiga og 31. ágúst 2027 vegna efri stiga.

Eftirfarandi gildir til bráðabirgða vegna ákvæða 2.2, 5.2 og 5.5 reglna þessara vegna neðri stiga tónlistarnáms:

Nemendur yfir 18 ára aldri sem þegar stunda nám skólaárið 2022-2023 í tónlistarskólum með gildandi þjónustusamning við Reykjavíkurborg fá undanþágu til að ljúka námi sínu miðað við eðlilega námsframvindu til 25 ára aldurs.

Frá og með skólaárinu 2023-2024 verður ekki heimilt að nota fjárframlag vegna eða í þágu nýrra nemenda sem náð hafa 18 ára aldri í fornámi, grunnnámi og miðnámi. Þeir sem hófu nám fyrir 18 ára aldur frá þeim tíma fá þó undanþágu, miðað við eðlilega námsframvindu, til 23 ára aldurs til að ljúka grunn- og miðprófi. Undanþágan á einnig við þó nemandi hefji nám í öðrum tónlistarskóla á sama hljóðfæri. Hafi nemandi lokið grunnprófi fyrir 18 ára aldur hefur hann til 23 ára aldurs til að ljúka miðprófi þó svo viðkomandi hafi gert hle á námi á tímabilinu. Sem fyrr er greitt rekstrarframlag vegna náms á framhaldsstigi gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt gildandi samkomulagi þar um.

Nemendur yfir 26 ára aldri sem þegar stunda söngnám skólaárið 2022-2023 í tónlistarskólum með gildandi þjónustusamning við Reykjavíkurborg fá undanþágu til að ljúka söngnámi sínu miðað við eðlilega námsframvindu til 30 ára aldurs.

Frá og með skólaárinu 2023-2024 verður ekki heimilt að nota fjárframlag vegna eða í þágu nýrra nemenda sem náð hafa 26 ára aldri í grunnnámi í söng. Þeir sem hófu nám fyrir 26 ára aldur frá þeim tíma fá þó undanþágu til að fjárframlag sé notað í þeirra þágu miðað við eðlilega námsframvindu til 28 ára aldurs til að ljúka grunnprófi. Undanþágan á einnig við þó nemandi hefji nám í öðrum tónlistarskóla í söng. Sem fyrr er greitt fjárframlag vegna náms á mið- og framhaldsstigi gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt gildandi samkomulagi þar um.

Sem áður er það skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík auk annarra skilyrða sem þarf að uppfylla.



Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 25. janúar 2017 og í borgarráði þann 9. febrúar 2017, sbr. breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 3. maí 2017 og í borgarráði þann 11. maí 2017, breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 9. september 2020 og í borgarráði þann 17. september 2020 og breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 11. maí 2021 og í borgarráði þann 20. maí 2021, sbr. jafnframt í skóla- og frístundaráði þann 27. júní 2022 og í borgarráði þann 7. júlí 2022. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 26. júní 2023 og í borgarráði þann 29. júní 2023. Breytingar samþykktar í borgarráði þann 15. ágúst 2024. Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 23. júní 2025 og í borgarráði þann 26. júní 2025. [Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann \[dags.\] og borgarráði þann \[dags.\]](#)

Mennta- og barnamálaráðherra, innviðaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga, f.h. sveitarfélaga, (til samans nefndir aðilar) gera með sér eftirfarandi:

### **Samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms**

1. gr.

#### *Markmið*

Aðilar eru sammála um að gera nemendum kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi óháð búsetu.

Markmiðum þessum verður m.a. náð með því að ríkissjóður greiði árlegt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, og annarra nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilis sveitarfélags skv. nánari skilyrðum í reglum sem innviðaráðherra gefur út.

2. gr.

#### *Fjárstuðningur ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga*

Ríkissjóður greiðir árlegt styrktarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna skal til greiðslu kennslukostnaðar í samræmi við markmið 1. gr., að meðtöldu álagi fyrir stjórnunarkostnað, langtímaforföll, hljóðfæragjald og tengdan kostnað, að fjárhæð 661,6 m.kr. Styrktarframlagið er af málefnasviði 20 – *Framhaldsskólastig*, málaflokki 20.20 – *Tónlistarfræðsla*. Styrktarframlagið tekur breytingum skv. almennri verðlagsuppfærslu fjárlaga hverju sinni og er notuð tilfærslureglan 85-15, þ.e. launauppfærsla er 85% og verðlagsuppfærsla 15%. Styrktarframlag samkomulags þessa tekur fyrstu verðlagsuppfærslu um áramótin 2022/2023.

Á móti styrktarframlagi ríkisins samkvæmt samkomulagi þessu skuldbinda sveitarfélög sig til að taka yfir verkefni frá ríki sem nemur að fjárhæð 279,1 m.kr. á ársgrundvelli, sbr. viðauka við samkomulag þetta. Sömu reglur gilda um verðlagsuppfærslu skuldbindingar þeirrar fjárhæðar og getið er í 1. mgr. gagnvart styrktarframlaginu. Jafnframt munu breytingar á fjárhæðum í samkomulagi þessu sem rekja má til ákvæða 6. gr. breyta fjárhæðum í viðauka með sambærilegum hætti.

Sveitarfélög skulu tryggja að framlag skv. 1. mgr. renni, án tillits til búsetu, til kennslu þeirra nemenda sem innritaðir eru í viðurkennda tónlistarskóla. Sveitarfélög skulu jafnframt tryggja að nemendur sem njóta framlags greiði ekki annað en skólagjöld til viðkomandi tónlistarskóla. Sveitarfélög skulu stýra aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga við þá tónlistarskóla sem ekki eru reknir af sveitarfélögum.

### 3. gr.

#### *Reglur*

Innviðaráðherra setur nánari ákvæði um úthlutun framlags skv. 2. gr., skilyrði um námsframvindu nemenda og upplýsingaskyldu sveitarfélaga og tónlistarskóla í reglum sem samdar eru í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þar skal áskilið að þeir nemendur í framhaldsnámi sem stuðnings njóta skv. samkomulagi þessu hafi lokið miðnámi að fullu í aðalgrein og aukanámsgreinum. Einnig er heimilt að skilgreina í reglunum í hvaða tilvikum og með hvaða skilyrðum er heimilt að greiða framlag vegna nemenda sem hafa lokið námi á framhaldsstigi.

Í reglunum skal kveðið á um skiptingu þess kennslumagns sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur til ráðstöfunar á landsvísu. Við þá skiptingu er heimilt að leggja til grundvallar fyrirliggjandi upplýsingar hjá Jöfnunarsjóði um skiptingu kennslumagns milli sveitarfélaga á síðustu tveimur árum. Framlag til einstakra tónlistarskóla skal aldrei nema hærri fjárhæð en útlögðum kennslukostnaði og öðrum kostnaði skv. 1. mgr. 2. gr. en þó er heimilt að setja í reglur ákvæði um tímabundna afkomutryggingu til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Í reglunum er jafnframt heimilt að kveða á um framlög til sveitarfélaga vegna nemenda í tónlistarnámi sem ekki falla undir 1. mgr. en þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilis sveitarfélags.

### 4. gr.

#### *Réttindi nemenda*

Á grundvelli samkomulags þessa tryggja sveitarfélög að nemendur sem uppfylla inntökuskilyrði tónlistarskóla og reglur um námsframvindu geti stundað tónlistarnám á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og á mið- og framhaldsstigi í söng án tillits til búsetu. Samkomulag þetta hefur ekki áhrif á rétt tónlistarskóla til að krefja nemendur um skólagjöld skv. gildandi lögum.

### 5. gr.

#### *Samráðsnefnd*

Til að fylgjast með framkvæmd samkomulagsins tilnefna aðilar fulltrúa í 5 manna samráðsnefnd sem fundar að lágmarki árlega og oftar ef þörf krefur. Samráðsnefndin skal skipuð tveimur fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis, tveimur fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og einum fulltrúa innviðaráðuneytis.

Á reglulegum fundum samráðsnefndarinnar leggur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fram upplýsingar um þróun nemendafjölda, kennslumagns og einingaverða og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta framkvæmd samkomulagsins og þar með talið framkvæmd einstakra verkefna sem kveðið er á um í viðauka. Samráðsnefndin tekur árlega formlega afstöðu til þeirra verkefna sem tilgreind eru í viðauka við samkomulag þetta og skiptingu fjár þeirra á milli. Ef um breytingar er að ræða þá skilar samráðsnefndin tillögugerð þar um til aðila samkomulags þessa til staðfestingar. Jafnframt fjallar samráðsnefndin um álitaeftni sem snúa að túlkun samkomulagsins og reglna sem settar eru á grundvelli þess. Samráðsnefndin skilar

árlegri skilagrein til mennta- og barnamálaráðuneytis um framkvæmd verkefnisins. Samráðsnefndin getur gert tillögur um viðbrögð við álitamálum sem koma upp vegna atvika sem ófyrirséð eru við gerð þessa samkomulags.

Aðilar geta óskað eftir því að samráðsnefndin komi saman þegar tilefni er til, svo sem ef upp koma aðstæður sem fjallað er um í 6. gr.

Nefndin setur sér nánari starfsreglur.

## 6. gr.

### *Lagabreytingar, forsendur og fyrirvari*

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki fjármála- og efnahagsráðherra skv. 1. mgr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, á grundvelli heimildar í 40 gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokks 20.20 í fjárlögum geta aðilar tekið upp viðræður í samráðsnefnd um aðlögun verkefnisins að breyttri fjárveitingu. Jafnframt geta aðilar óskað eftir viðræðum um áhrif lagabreytinga og annarra breytinga á ytri aðstæðum sem haft geta áhrif á markmið og framkvæmd samkomulagsins.

Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunni að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Samband íslenskra sveitarfélaga ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samkomulagsins verði lækkað eða það felld niður en veruleg breyting getur þó veitt rétt til uppsagnar samkomulagsins. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 20.20 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir samkomulag þetta.

Samkomulag þetta felur ekki í sér breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna verkefnisins takmarkast við þá fjárhæð sem fram kemur í samkomulagi þessu. Fjárstuðningur ríkisins skv. 2. gr. er óháður útgjöldum sveitarfélaga vegna reksturs tónlistarskóla og tekur ekki breytingum í samræmi við þau. Kjósi sveitarfélag að auka kennslumagn umfram úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ber það sjálft þann viðbótarkostnað.

## 7. gr.

### *Gildistími, greiðslur og endurskoðun*


Gildistími samkomulagsins er frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024. Árlegt styrktarframlag er greitt til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning viðskiptabanka Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga enda uppfyllir samningshafi öll skilyrði og kröfur sem samkomulag þetta kveður á um.

Ákveði aðilar að segja samkomulaginu upp skal tilkynning um uppsögn send með sannanlegum hætti fyrir 1. febrúar á því ári sem samkomulagið gengur úr gildi.


2023 3/3 AEN

Viðræður um framlengingu samkomulagsins skulu hefjast eigi síðar en 1. nóvember 2023 og vera lokið eigi síðar en 1. apríl 2024. Hafi ekki náðst niðurstaða um nýtt samkomulag fyrir þann tíma framlengist samkomulagið sjálfkrafa um eitt ár enda hafi því ekki verið sagt upp skv. 2. mgr.

Reykjavík, 29. mars 2022.



f.h. Sambands íslenskrar sveitarfélaga




Mennta- og barnamálaráðherra



Innviðaráðherra

Samþykki veitt, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015,

Fjármála- og efnahagsráðherra



**Viðauki við samkomulag um stuðning við tónlistarnám og  
jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms**

*Tímabundin tilfærsla verkefna til sveitarfélaga frá ríki.*

Sveitarfélög skuldbinda sig til, á grundvelli samkomulags um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, að taka tímabundið við verkefnum frá ríki á gildistíma samkomulagsins að fjárhæð 279,1 m.kr. auk verðlagsuppfærslu frá og með áramótum 2022/2023, samanber ákvæði 2. greinar samkomulagsins.

Á árinu 2022 er um að ræða eftirtalin verkefni;

|    |                                 |             |
|----|---------------------------------|-------------|
| a. | Endurmenntunarsjóður grunnskóla | 59,6        |
| b. | Námshagsjóður                   | 72,6        |
| c. | Reykjadalur                     | 39,2        |
| d. | Vistheimilið Bjarg              | 95,2        |
| e. | Tölvumiðstöð fatlaðra           | 12,5        |
|    | Samtals                         | 279,1 m.kr. |

Gert er ráð fyrir að útgjöld til verkefna samkvæmt þessari grein skiptist jafnt milli sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda og að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði falið að standa skil á greiðslum sveitarfélaga með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá framlögum sjóðsins.

Á samningstímanum geta orðið breytingar og tilfærslur innan þess ramma sem greinin kveður á um á grundvelli tillögugerðar samráðsnefndar sem getið er í 5. grein samkomulagsins og að fenginni staðfestingu aðila samkomulagsins.

AED  
mzj

Mennta- og barnamálaráðherra, innviðaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga, f.h. sveitarfélaga, (til samans nefndir aðilar) gera með sér eftirfarandi samkomulag um:

## Viðauka við stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms

1. gr.

### *Framlenging*

Samningsaðilar eru sammála um að núverandi gildistími samkomulags er til 31. desember 2025 og að framlengja samkomulagið til 31. desember 2026.

2. gr.

### *Samráðsnefnd*

Mennta- og barnamálaráðuneyti gengur frá skipun samráðsnefndar og felur nefndinni að endurskoða fyrirkomulagið að teknu tilliti til framkvæmdar hingað til, ábendinga sem ráðuneytinu hafa borist og þarfar á breytingu samkomulagsins með hliðsjón af ytri aðstæðum sem kunna að hafa haft áhrif á markmið og framkvæmd samkomulagsins sbr. 6. gr. þess.

Reykjavík, 5. maí 2025

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

Jón Björn Hákonarson formaður

Guðmundur Ingi Kristinsson  
mennta- og barnamálaráðherra

Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri

Eyjólfur Ármannsson  
innviðaráðherra

Samþykki veitt, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015

Daði Már Kristófersson  
fjármála- og efnahagsráðherra

# REGLUR

## um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda.

### 1. gr.

#### *Gildissvið og markmið.*

Reglur þessar gilda um úthlutun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á styrktarframlagi úr ríkissjóði til sveitarfélaga vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum, sbr. samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Framlagi ríkisins er ætlað að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám óháð búsetu og efnahag. Framlagið skal renna til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng og, að uppfylltum skilyrðum, nemenda sem hafa lokið námi á framhaldsstigi.

Með framlagi ríkisins er Jöfnunarsjóði jafnframt heimilt að veita framlag vegna kennslukostnaðar annarra nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags, sbr. 7. gr. Skilyrði er að um sé að ræða tónlistarnám í viðurkenndum tónlistarskóla, þ.e. skóla sem kennir samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla og nýtur viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Reglurnar gilda ekki um tónlistarnám sem kennt er í listframhaldsskólum.

### 2. gr.

#### *Framlag úr ríkissjóði.*

Eins og fram kemur í samkomulaginu frá 13. apríl 2016 er árlegt styrktarframlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð 520 m. kr. á árunum 2016 til 2018. Framlagið greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Um forsendur framlagsins og verðlagsbreytingar á tímabilinu vísast til 2. gr. samkomulagsins.

Ráðherra setur nánari vinnureglur um úthlutun framlaga að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Vinnureglurnar eru birtar sem viðauki við þessar reglur.

### 3. gr.

#### *Upplýsingar frá tónlistarskólum – Umsóknir sveitarfélaga*

Eigi síðar en 1. mars ár hvert skulu tónlistarskólar senda því sveitarfélagi, þar sem skóli starfar, skrá um alla nemendur sem stunda eða hafa stundað tónlistarnám á yfirstandandi skólaári sem fellur undir 2. mgr. 1. gr. Upplýsingum skal skilað á eyðublaði sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lætur í té og nálgast má á vefsíðu Jöfnunarsjóðs: jofnunarsjodur.is.

Við skil upplýsinga til sveitarfélaga skal taka mið af eftirfarandi:

- a. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna náms á miðstigi í söng þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi í söng á grunnstigi. Framlög vegna náms á miðstigi eru að hámarki greidd í fjögur ár.
- b. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna náms á framhaldsstigi í söng eða hljóðfæragreinum þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi á miðstigi. Framlög vegna náms á framhaldsstigi eru að hámarki greidd í fimm ár.
- c. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna viðbótarnáms að loknu framhaldsstigi (4. hæfniprep í söng eða hljóðfæranámi) þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi á framhaldsstigi. Framlög vegna náms að loknu framhaldsstigi eru að hámarki greidd í tvö ár.

Sveitarfélögum ber að yfirfara upplýsingar frá tónlistarskólum um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, skv. 1. málsgrein og senda til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 15. mars ár hvert. Þær upplýsingar eru ígildi umsókna sveitarfélaga um framlög fyrir næsta skólaár. sbr. þó 1. mgr. 5. gr. Við útreikning og úthlutun framlaga, sbr. 2. mgr. 1. gr, er Jöfnunarsjóði heimilt, á grundvelli upplýsinga í umsókn sveitarfélagsins, að bregðast við verulegri fækkun nemenda einstakra tónlistarskóla á yfirstandandi skólaári þannig að skerðing á framlagi komi ekki að fullu til framkvæmda á næsta skólaári.

#### 4. gr.

##### *Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.*

Þegar upplýsingar liggja fyrir úr umsóknum sveitarfélaga um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, sbr. 3. gr., birtir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upplýsingar um skiptingu framlaga (kennslumagns) milli sveitarfélaga vegna kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, skv. 2. mgr. 1. gr. að teknu tilliti til þess fjármagns sem er til úthlutunar hverju sinni, sbr. 2. gr. Við útreikning á kennslumagni eru raunverulegar kennslumínútur (stundir) umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara.

Upplýsingar um framlög fyrir komandi skólaár skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Um mánaðarlegar greiðslur framlaga verður að ræða yfir skólaárið, þ.e. á tímabilinu september til ágúst. Greiðsla skal berast til sveitarfélags eigi síðar en síðasta dag hvers mánaðar.

#### 5. gr.

##### *Breyttar forsendur og veruleg frávik*

Sveitarfélagi ber að gæta þess að framlag til einstakra tónlistarskóla nemi ekki hærri fjárhæð en heimilt er samkvæmt þessum reglum. Sveitarfélagi er þó heimilt að veita tónlistarskóla tímabundna afkomuþryggingu til að bregðast við breyttum aðstæðum, sbr. 3. mgr. 3. gr. þessara reglna.

Sveitarfélagi ber að tilkynna Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ef forsendur fyrir úthlutun framlaga breytast, svo sem ef tónlistarskóli hættir starfsemi.

Komi í ljós verulegar breytingar á kennslumagni milli skólaára, við yfirferð upplýsinga frá sveitarfélögum, sbr. 2. mgr. 3. gr., er jöfnunarsjóði heimilt að leita skýringa hjá sveitarfélögum þar að lútandi.

Ef framlög til sveitarfélags hafa verið greidd á grundvelli rangra upplýsinga skal gerð leiðrétting áður en kemur til lokagreiðslu framlags fyrir viðkomandi skólaár, en ef því verður ekki við komið, getur sjóðurinn dregið mismuninn af öðrum framlögum sjóðsins.

#### 6. gr.

##### *Langtímaforföll.*

Sveitarfélagi er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag til Jöfnunarsjóðs vegna langtímaforfalla kennara á miðstigi í söng og á framhaldsstigi eða ofar í söng og hljóðfæragreinum, sem standa lengur en einn mánuð enda liggja fyrir læknisvottorð. Heildarframlag verður þó aldrei hærra en sem nemur raunverulegum viðbótarlaunakostnaði skólans vegna langtímaforfalla á því tímabili sem um ræðir.

Umsókn frá sveitarfélagi um framlag samkvæmt þessari grein skal berast til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 20. júní ár hvert vegna skólaársins sem er að líða. Jöfnunarsjóði ber að hafa lokið útreikningi og úthlutun framlaga, skv. þessari grein fyrir 1. júlí ár hvert.

#### 7. gr.

##### *Framlög vegna nemenda á grunnstigi og nemenda á miðstigi í hljóðfæragreinum.*

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er heimilt að veita sveitarfélögum framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags sbr. 3. mgr. 1. gr. Skilyrði er að fyrir liggja staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla. Umsóknir samkvæmt þessari grein skulu berast til jöfnunarsjóðs eigi síðar en 1. september vegna komandi skólaárs.

Úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein takmarkast af því hve mikið fjármagn Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar að teknu tilliti til framlaga skv. 4. og 6. gr. Við ákvörðun framlaga skal umsóknum forgangsraðað í eftirfarandi röð:

1. Nemendur á miðstigi í hljóðfæragreinum.
2. Nemendur á grunnstigi í söng eða hljóðfæragreinum, þ.e. nemendur sem hafa verið í tónlistarnámi á grunnstigi í eitt skólaár eða lengur.
3. Nemendur sem eru að hefja nám á grunnstigi í söng.

Falli tónlistarnám nemenda undir þessa grein ber tónlistarskóla að senda lögheimilissveitarfélagi skrá um þá nemendur, sbr. ákvæði í 3. mgr. 1, gr,

Úthlutuð framlög vegna samþykktra umsókna samkvæmt þessari grein skulu að hámarki nema 50% af vegnu meðaltali framlags á nemanda, sbr. 2. mgr. 1. gr. Framlögin geta lækkað ef eftirspurn er umfram það fjármagn sem er til ráðstöfunar skv. 2. mgr. Sveitarfélag sem sækir um framlag greiðir þann hluta kennslukostnaðar sem út af stendur. Tónlistarskólar skulu gæta þess

að samþykki lögheimilissveitarfélags liggja fyrir vegna nemenda sem uppfylla skilyrði skv. 1. og 2. mgr., áður en þeir eru innritaðir í tónlistarnám.

Um umsóknir, greiðslu framlaga og leiðréttingu áætlaðra framlaga fer skv. 3.- 5. gr. eftir því sem við á. Jöfnunarsjóður skal senda lögheimilissveitarfélögum tilkynningu um áætluð framlög fyrir næsta skólaár samkvæmt þessari grein fyrir 1. október ár hvert.

8. gr.

*Gildistaka.*


Reglur þessar eru settar á grundvelli samkomulags ríkisins og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda og laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Reglurnar öðlast þegar gildi og koma í stað reglugerðar nr. 23/2013, sem felld verður úr gildi.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. gildir eftirfarandi um framlög fyrir skólaárið 2016-2017:

- a. Við skiptingu kennslumagns og úthlutun framlaga samkvæmt 4. gr. þessara reglna liggja til grundvallar upplýsingar frá tónlistarskólum um nemendur og kennslumagn skólaárið 2015–2016, yfirfarnar af viðkomandi sveitarfélagi, á eyðublaði sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lætur í té. Skoðast þessar upplýsingar sem ígildi umsókna sveitarfélaga um framlag og skulu þær liggja til grundvallar við skiptingu kennslumagns fyrir næsta skólaár. Við endanlega skiptingu kennslumagns er horft til þess hvort samdráttur hafi orðið í kennslumagni tónlistarskóla frá vori 2014 til vors 2016 og bætt við kennslumagni sem nemur 70 hundraðshlutum af neikvæðum mismun undanfarinna tveggja ára.
- b. Upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um framlög á skólaárinu 2016 - 2017 skulu sendar til sveitarfélaga eigi síðar en 1. september 2016.

*Innanríkisráðuneytinu, 31. ágúst 2016.*



## Vinnureglur

### Úthlutun framlaga á grundvelli 2. mgr. 1. gr., sbr. 4. gr. reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda

Tónlistarskólar sem njóta viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytisins og veita nemendum kennslu sem fellur undir samkomulagið fylla út sérstakt skjal í töflureikni sem nálgast má á vefsíðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í skjalinu er óskað eftir eftirfarandi upplýsingum

- Upplýsingum um nemendur sem falla undir samkomulagið.
- Upplýsingum um fjölda nemenda og kennslustunda sem falla ekki undir samkomulagið. Upplýsinganna er aflað vegna aðferðafræði við útreikning framlaga.
- Upplýsingum um allar aðrar kennslustundir, svo sem í tónfræði og samspili/samsöng.

Skjalið er síðan sent til kennslusveitarfélags eigi síðar en 1. mars. Kennslusveitarfélagið sendir síðan skjöl fyrir alla viðurkennda tónlistarskóla í sveitarfélaginu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 15. mars. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í innsendum skjölum kennslusveitarfélags er fundinn út heildarfjöldi kennslueininga (sjá skilgreiningu hér á eftir) fyrir hvert sveitarfélag á grundvelli samkomulagsins. Hvert sveitarfélag fær síðan fjárframlag hlutfallslega miðað við heildarfjölda kennslueininga allra sveitarfélaga vegna þess náms sem fellur undir samkomulagið að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns Jöfnunarsjóðs. Sveitarfélögum er einnig tilkynnt, samhliða tilkynningu um framlag, hvaða lágmarksfjölda kennslustunda tónlistarskólum sveitarfélagsins ber að kenna. Fjöldi stunda er reiknaður út miðað við uppgefinn kostnað á kennslustund.

#### Útreikningsreglur

Við útreikning á heildarfjölda kennslueininga tónlistarskóla eru raunverulegar kennslumínútur (stundir) umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara. Þessar umreiknuðu einingar eru grundvöllur að stöðuhlutfalli tónlistarkennara og endurspegla því hvernig kennslukostnaður er fundinn.

Aðferð við útreikninginn er sú að heildarkennslustundum og stundum í meðleik er breytt yfir í kennslustundir á grunnstigi. Þessar umreiknuðu kennslustundir kallast kennslueiningar. Þetta er gert með stuðlum reiknuðum skv. töflu 1 er sýnir mismunandi kennslueiningar eftir námsstigum fyrir hverja kennda klukkustund. Sem dæmi jafngildir ein kennslustund á miðstigi 1,0926 kennslueiningum og ein kennslustund í meðleik á miðstigi jafngildir 1,2371 kennslueiningum.

Tafla 1 - Kennslueiningar fyrir hverja kennslustund/meðleik á hverju námsstigi

|                           | Kennsla <sup>1)</sup> | Meðleikur |
|---------------------------|-----------------------|-----------|
| Fornám/Grunnstig          | 1,0000                | 1,0926    |
| Miðstig                   | 1,0926                | 1,2371    |
| Framhaldsstig             | 1,2371                | 1,4229    |
| Nám að loknu framhaldsst. | 1,2371                | 1,4229    |

1) Einkakennsla, samkennsla, samspil, samsöngur og önnur kennsla.

Þannig er fundinn út heildarfjöldi kennslueininga (umreiknað kennslumagn) á ári, fyrir hvert sveitarfélag, sem fellur undir samkomulagið.

Námsstigin sem falla undir samkomulagið eru:

- Hljóðfæranám á framhaldsstigi
- Söngnám á miðstigi
- Söngnám á framhaldsstigi

Við kennslueiningar í aðalnámsgreinum (hljóðfæranám/söngnám) er síðan bætt hlutdeild þessara námsstiga í aukánámsgreinum í sömu hlutföllum.

Summa kennslueininga vegna þessara námsstiga hvers skóla er auðkennd “ $T_{\text{Samk}}$ .” Summa allra skóla sama sveitarfélags er auðkennd “ $S_{\text{Samk}}$ .” Summa allra sveitarfélaga sem falla undir samkomulagið er auðkennt “ $H_{\text{Samk}}$ .”

$$S_{\text{Samk}} = \sum T_{\text{Samk}}(i); i = \text{númer skóla innan sveitarfélags}$$

$$H_{\text{Samk}} = \sum S_{\text{Samk}}(j); j = \text{númer sveitarfélags}$$

$$F_{\text{Samk}} = \text{Fjármagn til ráðstöfunar vegna samkomulagsins}$$

$$F_{\text{Svfe}} = \text{Fjármagn til sveitarfélags}$$

Hvert sveitarfélag fær síðan fjárframlag hlutfallslega miðað við heildarfjölda kennslueininga allra sveitarfélaga vegna þess náms sem fellur undir samkomulagið skv. eftirfarandi:

$$F_{\text{Svfe}} = S_{\text{Samk}}/H_{\text{Samk}} \times F_{\text{Samk}}$$

Reykjavík, 11. júní 2026

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar

## Umsókn um aukið kennslumagn fyrir tónlistarkennslu á vegum Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar í efra Breiðholti fyrir skólaárið 2026-27

Sótt er um 1153 grunnnámsstundir eða 1,6 stöðugildi á grundvelli 10. gr. í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og með hliðsjón af gr. 7.1.4 þar sem nýta á kennslumagnið til að auka þátttöku nemenda í efra Breiðholti í tónlistarnámi með breyttu kennslufyrirkomulagi og gefa þannig fleiri nemendum kost á tónlistarnámi.

Nýta á kennslumagnið á eftirfarandi hátt:

1. Fyrir þrjá hópa úr 3. og 4. bekk Fellaskóla, alls 15 nemendur í þremur hópum sem læra á fiðlu, píanó eða gítar. Nemendum er kennt daglega ýmist í stuttum einkatímum (15-20 mín. ) eða hóptímum (30 -45 mín.) Reiknað er með 45 mín. á viku fyrir hvern nemenda sem nýttar eru í blöndu af einkatímum og hóptímum. Þetta kennslufyrirkomulag höfum við þróað síðan árið 2020 í fiðlu- og píanókennslu. Kennslumagn á ári er þá  $15 \times 0,75 \times 35 = 393,75$  stundir.
2. Stækka rytmadeild skólans sem staðsett er í Hraunbergi, sem nemur einu stöðugildi. Nýjung í kennslufyrirkomulagi felst í 0,5 klst. einkatíma á viku og 1 klst. samspil (6 nemendur í samspilshóp). Reiknum með 3 klst. (6 nemendur) aukningu í námi á rafgítar, rafbassa, trommur, rytmískt píanó og í rytmískum söng (popp, rokk, jazz). Námið miðast fyrst og fremst við unglunga á aldrinum 13-17 ára. Áralengt samstarf Tónskólans við Fellaskóla og Fjölbrautaskólann í Breiðholt þar sem Tónskóli Sigursveins hefur kennt tónlistaráfanga í 10 ár, skapar tækifæri til að nálgast nemendur sem hafa áhuga á að læra rytmíska tónlist (popp, rokk, jazz). Kennslumagnið er samtals  $5 \times 4 \times 35 = 700$  stundir
3. Forskólakennslu í Hraunbergi þar sem bætt hefur verið við 6 ára byrjendahóp þannig að hægt sé að byrja bæði 6 og 7 ára í forskóla í Hraunbergi. Vegna 8 ára samstarfs okkar við Fellaskóla og Hólabrekkuskóla, og vegna þess að við kennum að hluta inn í þeim skólum bjóðum við nemendum þar sérstakan afslátt þannig að ef frístundastyrkurinn er nýttur í tónlistarnámið þá eru eftirstöðvarnar aðeins 15 þús.kr.

Í heildina væri hægt að taka inn  $15+30+12=57$  nemendur í efra Breiðholti fyrir þær 1153 stundir eða 1,6 stöðugildi sem sótt er um.

## Rökstuðningur fyrir kennslumagns aukningu til Tónskóla Sigursveins

1. Uppbyggingarstarfi sem Tónskóli Sigursveins hefur staðið fyrir í efra Breiðholti í 10 ár og hefur fjölgað nemendum þar í tónlistarnámi.
2. Afsláttur á skólagjöldum sem við veitum til að hvetja til tónlistarnáms hjá efnaminni fjölskyldum. Við bjóðum upp á námsleiðir sem hægt er að greiða að mestu eða að fullu með frístundastyrk Reykjavíkurborgar.
3. Síðan 2020 hefur fjöldi nemenda í Fellaskóla stundað fiðlu, píanó og gítarnám með nýju kennslufyrirkomulagi sem er blanda af einkatímum og hóptímum. Námið er hægt að greiða að fullu með frístundastyrk Reykjavíkur og er þá fjölskyldum að kostnaðarlausu ef ákveðið er að nýta styrkinn í tónlistarnám.
4. Við veitum líka nemendum úr Fellaskóla og Hólabrekkuskóla sérstakan afslátt í forskólann okkar, þannig að forskólinn kostar fjölskyldur aðeins 12 þús. kr. fyrir allt árið ef þær nýta frístundastyrkinn í tónlistarnám.
5. **Þróunarstarf Tónskóla Sigursveins í samstarfi við Hólabrekkuskóla og Fellaskóla sl. 10 ár.**  
**Haustið 2016** hófst samstarf Tónskóla Sigursveins við Hólabrekkuskóla með það að markmiði að efla tónlistarkennslu í Breiðholti og auka þátttöku barna og unglinga í tónlistarnámi. Öll börn í 1. 2. og 7. bekk fengu tónlistarkennslu í Tónskólanum í Hraunbergi 2. Árgöngunum var skipt í 4-5 hópa og hver hópur fékk kennslu í 6 - 7 vikur og hverri lotu lauk með tónleikum. Nemendurnir í 7. bekk fengu kennslu á rafgítar, rafbassa, hljómborð og slagverk og settu saman 2-3 lög sem flutt voru í lok hverrar námslotu.  
**Haustið 2018** var svipað fyrirkomulag innleitt í Fellaskóla fyrir 1. og 2. bekk.  
**Haustið 2020 fór Tónskóli Sigursveins af stað með tilraunverkefni sem fólst í kennslu fiðlunemenda og píanónemenda í daglegum hóptímum og stuttum einkatímum sem er nýtt hljóðfærakennsluform fyrir byrjendur.** Nemendum úr 3. bekk Fellaskóla var boðið að taka þátt í verkefninu og innrita sig í Tónskólann, og voru 5 nemendur í píanóhópnum og 6 í fiðluhópnum. Tilgangur verkefnisins var að jafna aðstöðumun nemenda en með daglegum tímum er dagleg ástundun tryggð óháð aðstöðu heima fyrir.  
Námið var hægt að greiða að fullu með frístundastyrk Reykjavíkurborgar. Tónskólinn útvegar hljóðfæri og kennslugögn án endurgjalds. Tónlistarkennslan fer fram á skólatíma eða beint eftir grunnskólann, ýmist í Fellaskóla eða Tónskóla Sigursveins í Hraunbergi 2.  
  
Árangurinn hefur verið mjög góður og ekki síðri en þegar nemendur fá 1-2 einkatíma í viku eins og í hefðbundnu tónlistarnámi. Nemendur hafa flestir haldið áfram, nokkrir komnir í miðnám og hafa allir tekið þátt í stórverkefnum á Barnamenningarhátíð.
6. Stuðla að meiri þátttöku nemenda af erlendum uppruna í frístundastarfi, en 80% nemenda í Fellaskóla eru af erlendum uppruna. Nær allir nemendur sem tekið hafa þátt í samstarfsverkefni Fellaskóla og Tónskólans undanfarin 6 ár og hafa innritast þannig í skólann eru af erlendum uppruna.
7. Að auka íþrótta- og frístundaþátttöku barna í Breiðholti, auka nýtingu frístundakortsins til jafns við það sem það er að meðaltali í öðrum hverfum borgarinnar og auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunotkun og félagslega virkni barna með mismunandi bakgrunn.
8. Náið samstarf Tónskóla Sigursveins við Fellaskóla og Hólabrekkuskóla sl. 10 ár býður upp á möguleika til að ná til nemenda og foreldra í efra Breiðholti og hvetja til tónlistarnáms.

9. Húsnæði Tónskólans í Hraunbergi 2 er vel búið til tónlistarkennslu og þar eru nægar stofur til að bæta við þeirri kennslustundaaukningu sem sótt er um. Auk þess er Tónskólinn í góðu samstarfi við bæði Hólabrekkuskóla og Fellaskóla þar sem hluti tónlistarkennslunnar fer þegar fram í húsnæði grunnskólanna, bæði á skólatíma og beint eftir skóla.
10. Löngu er kominn tími til að auka við kennslumagn til Tónskóla Sigursveins eftir niðurskurð árið 2005 um 21% og árið 2009 um 12% sem ekki skilaði sér til baka. Á árunum 1995-2005 fækkaði nemendum skólans úr 620 í 538. Tónskólinn fékk þó 241 stunda aukningu árið 2020 þegar viðbótarkennslumagn var skipt á milli þeirra tónlistarskóla í Reykjavík sem starfa í hverfum þar sem þátttakan er minnst. Frá árinu 2022 hefur kennslumagn til Tónskóla Sigursveins verið skorið niður um 10% eða um tvö heil stöðugildi, sem er mun meira en sá niðurskurðurinn til annarra tónlistarskóla í Reykjavík, sem var 7 % árið 2024.

Með von um að hægt verði að auka fjárframlög og kennslumagn til Tónskóla Sigursveins þ.a. fleiri börn og unglingar í efra Breiðholti geti stundað tónlistarnám. Sömuleiðis að rétta við hlut Tónskóla Sigursveins við úthlutun kennslumagns. Í þessari umsókn er sótt um 1,6 stöðugildi sem er minna en það kennslumagn sem hefur verið skorið niður frá árinu 2022, sem eru tvö stöðugildi.

Virðingarfyllt,

Júlíana Rún Indriðadóttir  
skólastjóri Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar